

TOLL PÓSTURINN

FRÉTTABLAÐ TOLLSTJÓRA
MAÍ 2010



08 Farþegamóttaka í flugstöðinni

14 Vöruskoðun í Reykjavík

18 Greiðsluaðlögun - túlkun dómstóla



Tollpósturinn

Fréttablað Tollstjóra
12. árg., 1. tbl.

Ábyrgðarmaður: Snorri Olsen

Ritstjóri: Björn Gíslason (bg)

Ritnefnd:

Árni Elísson (æe)
Bergdís Linda Kjartansdóttir (blk)
Guðmundur Jónasson (gj)
Jóhanna Lára Guðbrandsdóttir (jlg)
Linda Rut Benediktsdóttir (lrb)
Sigfríður Gunnlaugsdóttir (sg)

Ljósmyndari: Ómar Ragnarsson (ór)

Prófarkalestur: Sigfríður Gunnlaugsdóttir

Forsíðumynd: Uppskipun í Sundahöfn

Hönnun/umbrot: 2B Hönnunarstofa

Prentvinnsla: Litlaprent

Pappír: Maxi Bulk

- 03 Starfsemi embættisins á árinu 2009
- 04 Gott skipulag skiptir sköpum
- 08 Farþegamóttaka í flugstöðinni
- 10 Að gera embættið að eftirsóknarverðum vinnustað
- 12 Aðild að ESB myndi breyta miklu fyrir verslun og tollgæslu
- 14 Vöruskoðun í Reykjavík
- 16 Dagur verkefnastjórnunar
- 17 Norræn innheimtumannaráðstefna í Reykjavík
- 18 Greiðsluaðlögun - túlkun dómstóla
- 20 Skjalavistunarkerfið og grisjun skjala
- 21 Námskeið í myndgreiningu
- 22 Tollafgreiddar aðflutningsskýrslur árið 2009
- 26 Tollskóli ríkisins
- 26 Takmarkanir og bönn við innflutningi ferðamanna á matvælum
- 27 SKIL
- 28 Saga ferjusiglinga til Seyðisfjarðar
- 29 Haldlagningar 2009
- 30 Heimsóknir fullrúa ESA hingað til lands
- 31 Rödd Tollstjóra
- 32 Íþróttafólk sem hefur náð langt
- 34 ÚT - Útivistarfélag Tollstjóra
- 35 Já, maður finnur til vonar og trúir á betri tíð þegar maður leikur knattspyrnu með þessum hópi



Starfsemi embættisins á árinu 2009

Þann 1. janúar 2009 voru gerðar breytingar á tollalögum og höfðu þær í för með sér nýja skipan tollamála í landinu sem helst fólst í því að landið var gert að einu tollumdæmi. Við gildistöku laganna tók embætti tollstjórans í Reykjavík við réttindum og skyldum gagnvart öllum starfandi tollvörðum. Jafnframt breyttist heiti embættisins í Tollstjóri. Eftir breytinguna urðu starfsmenn embættisins tæplega 250 talsins. Þessar skipulagsbreytingar ásamt niðurskurði og ívilnandi breytingum á ferli innheimtu opinberra gjalda einstaklinga og fyrirtækja vegna efnahagserfiðleika í kjölfar bankahrunsins í október 2008 höfðu mikil áhrif á starfsemi Tollstjóra árið 2009.

Segja má að meginmarkmið síðasta árs hafi verið það að annast jafn vel og áður öll þau mikilvægu verkefni sem embættinu eru falin með lögum, en með verulega minni tilkostnaði. Grípa varð til ýmissa aðgerða til að svo mætti verða. Ekki voru allir starfsmenn sammála um að stefna ætti að því að rekstur embættisins yrði hallalaus og var því meðal annars haldið fram að þær stofnanir sem eyddu umfram fjárheimildir fengju alltaf leiðréttingu síðar í fjárlögum. Yfirstjórn embættisins tók ekki undir þessi sjónarmið enda ljóst að eitt mikilvægasta verkefnið núna er að tryggja hallalausan rekstur ríkissjóðs. Rekstrarlegt markmið Tollstjóra á árinu 2009 var því að embættið væri rekið innan þess fjárhagsramma sem því er settur á fjárlögum að teknu tilliti til rekstrarafkomu ársins á undan. Var því markmiði náð líkt og undanfarin ár þrátt fyrir niðurskurð sem áætlað er að hafi verið um 9% eða 150 milljónir króna milli árunna 2008 og 2009.

Miklu skiptir fyrir afkomu ríkissjóðs hversu vel gengur

að innheimta álagða skatta og gjöld. Þau gjöld sem aðallega er litið til þegar innheimtuárangur er mældur eru staðgreiðsla launagreiðenda, reiknað endurgjald, tryggingagjald, virðisaukaskattur, greiðslufrestur í tolli, bifreiðagjöld, vörugjöld af ökutækjum, þing- og sveitarsjóðsgjöld einstaklinga og þinggjöld lögaðila. Samanburður leiðir í ljós að innheimtuárangur milli árunna 2008 og 2009 hefur dregist saman um 0,9% miðað við stöðu innheimtu þann 1. mars árið á eftir. Að teknu tilliti til þeirra ívilnandi aðgerða sem gripið var til vegna innheimtu á opinberum gjöldum og frestana á gjalddögum á árinu 2009 verður að telja að innheimtuárangur hafi verið betri á árinu 2009 en búast mátti við.

Stuttu fyrir páska samþykkti Alþingi lög um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri. Samkvæmt lögnum er heimilt að sækja um greiðsluuppgjör á virðisaukaskatti, staðgreiðslu tryggingagjalds, staðgreiðslu opinberra gjalda og þing- og sveitarsjóðsgjöldum sem gjaldfallið hafa fyrir 1. janúar 2010. Í greiðsluuppgjöri felst að gjaldandi fær frest á greiðslu þeirra gjalda sem falla undir greiðsluuppgjör til 1. júlí 2011. Gjöld þau sem falla undir greiðsluuppgjör bera ekki dráttarvexti á freststímabilinu 1. janúar 2010 til 30. júní 2011. Að uppfylltum lagaskilyrðum getur gjaldandi fengið skuldbreytingu á vanskilum þeirra gjalda sem undir greiðsluuppgjör falla þann 1. júlí 2011. Í skuldbreytingu felst að gjaldandi fær að gefa út skuldabréf til að greiða upp vanskil þau sem féllu undir greiðsluuppgjörið. Skuldabréfið er til fimm ára með mánaðarlegum afborgunum, vaxtalaust en verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs. Miklar vonir eru bundnar við að þetta úrræði geti hjálpað mörgum lögaðilum og einstaklingum í rekstri að standa í skilum með greiðslu skatta á árinu 2010. Því má gera ráð fyrir að innheimtuárangur verði betri á árinu 2010 en á árunum 2008 og 2009.

Snorri Olsen tollstjóri



Gott skipulag skiptir sköpum

Vinnu- og lífsgleðin geislar af Karen Bragadóttur, forstöðumanni tollasviðs þegar undirrituð sest á móti henni árla morguns á bjartri skrifstofu hennar á Skúlagötu 17 í þeim tilgangi að ræða viðhorf og áherslur í stjórnun og vinnuna á tímum skipulagsbreytinga og niðurskurðar. Þá ræddi Karen fúslega persónulega eiginleika, nám og fyrri störf og lífið utan vinnu: fjölskylduna og áhugamálin.

Súkkulaðigrís

Karen lætur kaffið eiga sig en stenst ekki freistinguna þegar eitthvað súkkulaðikyns er í boði. Hún er mikill sælkeri! Spurð um persónulega eiginleika, styrk- og veikleika kemur ákveðnin fyrst upp í huga Karenar: „Ég var svo föst fyrir sem barn að móður minni þótti nóg um.“

Karen rifjar upp fullkonnunarárættuna sem var svo rík í henni fram á unglingsár og hvað varð þess valdandi að hún fór að ná tókum á henni: „Ég spilaði á píanó í þrettán ár. Fyrstu árin átti ég mjög erfitt með að koma fram og var kvíðin svo vikum skipti fyrir tónleika. Mér fannst ég þurfa að spila óaðfinnanlega. Hugarfarið breyttist svo

á unglingsárunum eftir að ég kom fram á Listahátíð barna í Íslensku óperunni að beiðni skólalastjóra tónlistarskólans. Þá ákvað ég að fara fram á sviðið, horfa framan í áhorfendur og gefa frá mér jákvæða og afslappaða strauma áður en ég byrjaði að spila svo áhorfendur upplifðu að ég væri afslöppuð en ekki stressuð líkt og raunin var. Ég ákvað einfaldlega að gera mitt besta. Það er skemmst frá því að segja að ég fékk mjög jákvæða endurgjöf á frammi-stöðuna sem og yfirvegaða framkomuna að tónleikunum loknum. Þarna urðu ákveðin þáttaskil í mínu lífi. Ég byrjaði alla tónleika á sviði með sama hætti eftir þetta og það hjálpaði mér við að ná tókum á sviðsskrekknunum og þessari fullkonnunarárættu. Á fullorðinsárum hef ég svo smám saman komist að raun um að hraðinn og álagið í daglegu lífi býður ekki uppá fullkonnun og farið að slaka á kröfunum til eigin verka. Ég þoli vel og er undir það búin að verk mín séu gagnrýnd enda er það hluti af því sem stjórnendur þurfa að búa við, þeir eru stöðugt að taka ákvarðanir og hafa oft ekki tíma til að liggja yfir hlutunum. Fullkonnunarárætt háir mér því ekki í dag.“

Karen hefur jafnaðargeð og virðist eiga auðvelt með að höndla streitu: „Það er fátt sem bitur á mig ... ég læt ekki slá mig útaf laginu. Ef vinnuálagið eykst þá tekst ég á við það á nýju plani. Gott skipulag skiptir þar sköpum - að hafa stjórn á hlutunum. Þá þarf maður ekki að hafa áhyggjur af því að gleyma einhverju.“ Hún á auðvelt með að setja sig í spor annarra og ræða við fólk - ekki síst í einrúmi eða fárra manna hópi: „En ég vil hafa tíma til undirbúnings fyrir viðtöl og fundi er varða starfsemina - á því sviði er ég enginn pólitíkus ef svo má að orði komast!“

Karen hefur á orði hve mikilvæg sjálfsgagnrýni sé og auðmýkt af hálfu stjórnenda: „Maður verður stöðugt að spyrja sig á hvaða sviðum maður geti gert betur en um leið að meta það við sjálfan sig sem maður gerir vel. Ég lít svo á að stjórnandi þurfi að vera auðmjúkur í starfi - vera tilbúinn til að viðurkenna þegar hann gerir mistök eða skortir þekkingu á viðfangsefninu.“

Spurð um gildi og áherslur í stjórnun svarar Karen: „Ég vil vera samstarfsfólki mínu góð fyrirmynd. Allt sem ég geri kröfu um að sé gert er ég því tilbúin til að gera sjálf eftir því sem við á. Þá vil ég vera áreiðanleg og standa við gefin loforð. Ég legg mig fram um að veita endurgjöf og svör sem og að upplýsa starfsfólk um gang mála en geri mér jafnframt grein fyrir að maður getur sifellt gert betur í þeim efnum. Reyndar er það almennt mín skoðun að ef stjórnandi telur að starfsemi sé komin á þann stað að ekki sé hægt að bæta hana, þá á hann að hætta. Þá legg ég mikla áherslu á samráð og samvinnu við samstarfsfólkið, beint eða óbeint í gegnum millistjórnendur, og tel eftirsóknarvert sem stjórnandi að vera umkringd starfsfólki sem veit helst mun meira um hluti á ákveðnum sviðum en ég sjálf.“

Lífið utan vinnu

Skipulagsfærni gerir Karen án nokkurs vafa kleift að komast yfir verkefnið í og utan vinnu og sinna áhugamálunum. Hún ver frítíma sínum að mestu með eiginmanni sínum og börnum og metur þær samverustundir mikils. Karen leggur því mikla áherslu á að samræma vinnuna og fjölskyldulífið sem er krefjandi þegar ábyrgð í starfi er mikil og börnin ung að árum. Hún segir þau hjónin samhent þegar kemur að umönnun barnanna og

heimilisstörfum og að þau njóti ennfremur í ríkum mæli stuðnings foreldra sinna.

„Stefán Geir er að verða fimm ára og Hildur Birna tveggja ára. Stefán Geir er í leikskóla en Hildur Birna í gæslu heima við. Við hjónin vildum veita báðum börnunum okkar umönnun heima við fyrstu tvö æviárin. Til að koma því við í tilviki Hildar Birnu tók pabbi hennar, Hermann Þór, eins árs fæðingarorlof í framhaldi af mínu orlofi en þegar hann snéri aftur til starfa hjá dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu tóku foreldrar hans að sér að gæta hennar. Nú er hún í umsjá móður minnar. Stuðningur foreldra okkar hefur verið ómetanlegur. Ég veit ekki hvernig við færum að án þeirra. Hjálp þeirra gerir okkur kleift að sinna störfum okkar ... kannski meira en góðu hófi gegnir,“ segir Karen og hlær.

Karen stundar alhliða líkamsrækt: útihlaup, styrktaræfingar og inn á milli jóga. „Ég nota líkamsræktina til þess að hvíla hugann. Án hennar væri ég ómöguleg manneskja í alla staði.“ Hún segir útihlaupin ekki aðeins áhugamál heldur ástríðu án öfga - þau séu orðinn lífsstíll eftir fimm ára ástundun: „Ég hleyp að minnsta kosti tvisvar í viku á veturna en þrisvar til fjórum sinnum í viku á vorin og sumrin. Hingað til hef ég aðeins hlaupið 10 km hlaup en ég stefni að því að hlaupa hálf maraþon í sumar ef líkaminn leyfir.“ Það stendur ekki á svari þegar undirrituð spyr hvað henni þyki svo heillandi við útihlaup: „Frelsið - að geta hvenær sem er og hvar sem er farið út að hlaupa: í borginni, sveitinni og útlöndum. Ég þarf bara að bregða mér í útigallann og hlaupaskóna og halda af stað. Það tekur líka styttri tíma að fara út að hlaupa en sækja tíma í líkamsræktarstöð þótt það sé nauðsynlegt með. Síðast en ekki síst nýtur maður súrefnisins og náttúrunnar þegar maður hleypur úti við.“

Karen hefur mikinn áhuga á stjórnunarfræðum og þykir fátt skemmtilegra en að lesa góða bók um stjórnun fyrir háttinn. Hún hefur drukkið í sig fróðleik um tímastjórnun enda lítur hún svo á að skipulagsfærni sé grunnur að árangri í starfi: „Sú bók sem kemur fyrst upp í hugann í augnablikinu er *Seven Habits of Highly Effective People* eftir Stephen R. Covey. Þó titill bókarinnar sé klénn þá er hún afskaplega hagnýt. Ég hef til dæmis hagnýtt mér skema úr henni til að leggja mat á það sem ég geri. Maður græðir alltaf eitthvað á hverri bók: finnur gagnleg

hjálpartæki, fær nýjar hugmyndir eða staðfestingu á að það sem maður er að gera sé rétt.“ Um önnur áhugasvið innan stjórnunarfræða og áform um frekari lestur segir Karen: „Ég vil gjarnan lesa meira um verkefnastjórnun og verkefnavinnu. Ég hef mikla trú á þeirri aðferðafræði og sé hvaða árangri markvissari beiting hennar er að skila á tollasviði. Aukin þverfagleg vinna eykur fjölbreytni í starfi og skilar betri árangri.“

Nám og fyrri störf

Eftir að hafa lokið námi við Menntaskólann í Reykjavík og sagt skilið við tónlistarskólann nam Karen lögfræði við Háskóla Íslands. Meðan á laganáminu stóð fór hún eina sumarönn sem skiptinemi til Þýskalands. Haustið eftir útskrift lá leið hennar aftur til Þýskalands þar sem hún stundaði meistaranám (LL.M) í lögfræði við Háskólann í Heidelberg en lokaritgerð hennar var á sviði Evrópuréttar. Karen talar þess vegna þýsku auk ensku og skandinavísku eða blöndu af dönsku og sænsku. „Þýskan er mér kær - ég hef mikinn áhuga á henni. Svo get ég vel hugsað mér að læra frönsku ... ég sé dálítið eftir að hafa ekki gert það.“

Spurð um sumarstörf með námi upplýsir Karen að hún hafi meðal annars starfað hjá utanríkisráðuneytinu, Lánstrausti (nú Creditinfo), Lögbirtingablaðinu og Stjórnartíðindum sem þá var hluti af dómsmálaráðuneytinu. Þá hafi hún ráðið sig í sumarstarf á tollheimtusviði hjá Tollstjóranum í Reykjavík eftir útskrift úr lagadeild Háskólans. „Þegar ég kom til starfa var mér úthlutað tímabundinni vinnuáðstöðu á tollgæslusviði. Fyrr en varði var ég komin á kaf í verkefni tollgæslunnar og fór því aldrei yfir á tollheimtusvið líkt og til stóð. Ég heillaðist mjög af starfinu þar þetta sumar og þáði því aftur starf á tollgæslusviði að meistaranámi loknu sem lögfræðingur. Meðan á meistaranáminu stóð vann ég líka fyrir embættið að máli sem snerist um útflutning á hestum til Þýskalands. Tengslin við tollgæsluna hafa því verið óslitin frá því að ég réði mig í sumarstarf! Skrítið hvernig tilviljanirnar verða. Ég held að það hafi þrisvar sinnum verið minnst á tollalöggin í laganáminu!“

Í lok árs 2004 bauðst Karen svo staða deildarstjóra í upplýsinga- og áhættugreiningardeild (nú greiningardeild).

Hún segir það hafa verið mikla áskorun að þiggja starfið: „Ég hafði aldrei leitt hugann að því að verða stjórnandi. Ég velti því fyrir mér hvort ég hefði eitthvað í stjórnunarstöðu að gera. En ég gat ekki hafnað þessu tækifæri því ég hef alltaf haft mikinn áhuga á að bæta starfseminu og ná árangri. Starf mitt sem stjórnanda snýst að stórum hluta um að bæta starfseminu og starfsumhverfið í þágu almennings, starfsmanna og hagsmunaaðila. Mér finnst ég ótrúlega heppin að fá að vinna að umbótum með samstarfsfólkinu alla daga!“

Skipulagsbreytingar og niðurskurður

Hlutverk stjórnanda hefur svo sannarlega átt vel við Karen því í upphafi árs 2006 bauðst henni staða forstöðumanns á tollasviði. Tollasvið er fjölmennasta svið embættisins en þar starfa nú um 140 starfsmenn. Eðli málsins samkvæmt hefur það ávallt verið erilsamt starf og ekki minnkaði álagið þegar landið var gert að einu tollumdæmi í byrjun árs 2009 en þá fjölgaði starfsmönnum sviðsins um 55. Skipurit embættisins var endurskoðað í tengslum við þessar breytingar, einkum stjórnskipulagið á tollasviði sem nú er verkefnabundið. Nýtt skipulag hafði í för með sér að aukin ábyrgð á mannahaldi og rekstri var falin þeim sem tóku við stjórn starfseininganna. Þá gaf fjármálaráðuneytið út nýja reglugerð um starfsheiti tollvarða og breyttust starfsheiti þeirra töluvert.

Þessar skipulagsbreytingar ásamt niðurskurði vegna efnahagserfiðleika í kjölfar bankahrunsins í október 2008 hafa haft mikil áhrif á starfsemi tollasviðs. Stjórnendur hafa kappkostað að samræma og samþætta alla starfsemi embættisins á landsvísi á sem hagkvæmastan hátt meðfram daglegum rekstri. Starfsfólki hefur fækkað sem í einhverjum tilvikum hefur aukið álag hjá þeim sem fyrir eru. Á sama tíma hafa kjörin hjá hópi starfsmanna verið skert til samræmis við aðra og/eða vegna niðurskurðar.

„Þessum breytingum fylgdi nokkur órói hjá hópi starfsmanna enda gerðar með stuttum fyrirvara. Eðli málsins samkvæmt var jú að einhverju leyti ólík stofnanamenning til staðar. Það hefði vissulega mátt hafa meira samráð við starfsfólk og fara hægar í sakirnar en stundum gerast hlutirnir einfaldlega mjög hratt og þá verður að taka á

þeim eins og þeir koma fyrir. Hins vegar tel ég núna að embættið sé sífellt að vaxa meira saman og hlakka til að vinna enn frekar í þá átt með samstarfsfélögum í framtíðinni.

Við sem sitjum í yfirstjórn tollasviðs erum mjög sterk liðsheild og er markmið okkar að allir starfsmenn á tollasviði upplifi hópinn sem eina liðsheild. Millistjórnendur gegna lykilhlutverki til að svo megi verða því það eru jú þeir sem eru í daglegum samskiptum við starfsmenn og taka nauðsynlegar ákvarðanir frá degi til dags. Þeir eru með púlsinn á starfseminni. Góð samvinna milli yfirstjórnar tollasviðs og millistjórnenda skiptir gríðarlega miklu máli og að millistjórnendur komi öllum hugmyndum varðandi starfsemina á framfæri. Þetta samstarf er lykillinn að árangursríku starfi.“

Spurð um ávinninginn af skipulagsbreytingunum segir Karen: „Þegar ég horfi núna til baka er ég ekki í nokkrum vafa um að fækkun tollumdæma hefur reynst góð ráðstöfun. Einfaldara skipulag gerir okkur betur kleift að straumlínulaga og einfalda ferla, hagræða og forgangsraða verkefnum. Það er auk þess auðveldara að ná fram samræmdu verklagi um landið allt og færa til verkefni eða stjórnun verkefna. Hér er mikilvægt að hafa í huga að um var að ræða sameiningu umdæma en ekki yfirtöku, það er því markmiðið við straumlínulögun og skráningu verkferla að finna bestu framkvæmd (*e. best practice*), hvar sem hún fór fram, og yfirfæra hana á allt landið. Ekki er þó síður mikilvægt að starfsmenn hafa nú enn meiri möguleika á aukinni fjölbreytni í starfi. Smæð landsins kallar að mínu mati ekki á uppskiptingu þess í tollumdæmi og eru tollstjórnir víða um heim að þróast í sömu átt og við, það er að fækka umdæmum. Það má þó nefna að auðvitað fylgir ákveðinn söknuður þeim góðu samskiptum sem við áttum við fyrrum tollstjóra sem nú hefur dregið úr, eðli málsins samkvæmt. Þeir voru góðir samstarfsfélagar.“

Karen segir starfsfólk almennt tilbúið til að endurskoða vinnubrögðin og geti nú á auðveldan hátt komið hugmyndum sínum þar að lútandi á framfæri við stjórnendur gegnum starfsmannavefinn. Hún segir stjórnendur hvetja starfsmenn til að taka engu sem sjálfsögðum hlut. „Við höfum lagt áherslu á nauðsyn þess að vera hreyfanleg

(*e. dynamic*) og erum því sífellt að endurmeta allt sem við erum að gera.“

Spurð um viðbrögð hagnunaaðila við skipulagsbreytingunum segir Karen: „Ég hef fengið jákvæða endurgjöf frá þeim á fundum. Menn hafa til dæmis haft á orði að þeim þyki auðveldara að þurfa aðeins að eiga samskipti við eina yfirstjórn.“

ESB vinnan

Karen er fulltrúi Tollstjóra í samningahópi um fjárhagsmálefni sem er ætlað að undirbúa aðildarviðræður við ESB. Aðspurð um persónulega skoðun á inngöngu í ESB svarar Karen þessu til: „Mér finnst mín persónulega skoðun á ESB ekki skipta neinu máli fyrir þá vinnu sem nú er í gangi. Nú liggur fyrir að sótt hefur verið um aðild að ESB. Þá er það mitt hlutverk sem og annarra hjá embættinu að sjá til þess að hagsmunir Íslands í tollalegu tilliti verði sem best tryggðir, gangi Ísland í Evrópusambandið.“

Vinnu samningahópsins hefur verið skipt upp í smærri verkefnahópa. Eitt af verkefnum vinnuhópsins um tollabandalagið, sem Karen starfar með, var samanburður á íslensku tollalöggjöfinni við löggjöf Evrópusambandsins. Hópurinn hefur nú lokið við að rýna hátt í þúsund gerðir frá Evrópusambandinu undir verkefnastjórn Karenar. Hún segir að það hefði aldrei tekist að ljúka vinnunni í tíma nema með framlagi alls þess góða fólks hjá embættinu sem lagði hönd á plóginn: „Mannskapurinn hefur unnið þrekvirki á síðustu mánuðum í þessari vinnu - vinnuálagið hefur verið ómennskt á köflum! Og ESB vinnan er rétt að hefjast! En sjálf er ég þakklát fyrir að vera þátttakandi í þessu verkefni. Það hefur verið mikill skóli fyrir mig. Þó ég hafi lært Evrópurétt á sínum tíma þá hef ég ekki áður haft tækifæri til að nálgast hann á svona praktískan hátt. Nú langar mig bara að læra meira á því sviði! Það er nú einu sinni þannig að því meira sem maður lærir þeim mun minni þykir manni kunnáttan vera.“

Undirrituð tekur undir þau orð, segir þau tilvalin lokaorð, þakkar fyrir spjallið og heldur af skrifstofu Karenar - athafnasamrar konu sem án nokkurs vafa er samstarfsfólki sínu góð fyrirmynd.

lrb



Farangursskoðun

Farþegamóttaka í flugstöðinni

Í komusal Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar er ennþá allt með kyrrum kjörum, eða svo virðist vera á yfirborðinu. Innan skamms taka tollverðir á vakt á móti fyrstu farþegunum sem koma eftir hádegisdag með vélum frá London og Kaupmannahöfn. Meðan beðið er gefst tækifæri til að ganga með Kára Gunnlaugs-syni yfirtollverði og Björgu Valtýsdóttur aðstoðaryfirtollverði um svæðið þar sem unnið er að stækkun farþegamóttökuunnar. Ný og betri aðstaða fyrir hana verður væntanlega tilbúin í byrjun júní og þarna verða líka skrifstofur fyrir fraktina sem er í leiguhúsnæði. Kári segir að stefnt sé að því að samnýta starfskraftana, reynslan muni svo skera úr um hvernig til takist.

Við förum með Björgu inn á skrifstofu hennar eftir að Kári bendir okkur á að best sé að tala við hana til að fá frekari upplýsingar um farþegaafgreiðsluna enda sé hún yfirmaður eftirlitsdeildar Suðurnesja sem fæst við þau mál. „Í rauninni samnýtum við mannskapinn svolítið nú þegar,“ segir Björg. „Fraktin aðstoðar okkur stundum þegar vantar mannskap og svo öfugt. Ég held að þetta verði bara af hinu góða. Starfsfólk

getur þá hjálpast meira að, til dæmis í vöruskoðun á þessum dauða tíma hérna inni í flugstöð sem er kannski frá klukkan átta á morgnana til hádegis. Og við getum á móti fengið aðstoð við farþegaafgreiðslu. Svo er þetta öðruvísi yfir sumartímann, þá er meiri hreyfing allan daginn.“

Verkefni eftirlitsdeildar eru skipa- og flugafgreiðsla, bæði farþega- og einkaflugvéla, og móttaka farþega sem njóta tollfríðinda að vissu marki. Þá þarf að fylgjast með að virtar séu innflutningstakmarkanir á ýmsum vörutegundum, svo sem lifandi dýrum, lyfjum og plöntum, og innflutningsbann er á ávana- og fíkniefnum, finkorna neftóbaki og munntóbaki, ósoðnum kjötvörum og ýmsum vopnum. Það virðist vera mikið starf að sinna þessu öllu en tollverðir úr greiningardeild koma til hjálpar við mótöku farþega og þeirra hlutverk er fyrst og fremst að koma í veg fyrir innflutning fíkniefna. Allir vinna þó að sama markmiði eins og Björg segir. Almenna deildin getur fundið fíkniefni og greiningardeildin rekist á eitthvað ólöglegt sem ekki er fíkniefni. Ef þarf að fara með farþega í röntgen sér greiningardeildin

um það í samvinnu við lögreglu. „Við förum ekki að framkvæma líkamsleit nema talin sé sérstök ástæða til að gera það vegna fíkniefnabrots og þá grípur greiningardeildin inn í,“ segir Björg, „og þau í greiningardeildinni eru líka að aðstoða okkur. Öll hjálpumst við að eins og hægt er hverju sinni óháð því hvaða deild við tilheyrum. Hundabjálfarar aðstoða okkur mikið á grænu hliði og tollverðir frá Reykjavík koma þegar þeir geta á kvöldin, nóttinni og um helgar. Vil ég sérstaklega þakka þeim fyrir alla hjálpinu sem við kunnum vel að meta.“

Hvernig taka farþegar því að þið skoðið hjá þeim farangurinn?

„Það er ákþega misjafnt. Sumir verða móðgaðir og spyrja af hverju verið sé að stöðva sig, aðrir segja að það sé alltaf verið að stoppa þá og enn aðrir: Þetta er nú í fyrsta skipti sem ég er stoppaður. Ég vil ekkert segja meira um það hvernig við veljum farþega til að skoða hjá en að þetta er slembiúrtak, tollvörðurinn ákveður það á staðnum hverja hann tekur út úr til nánari skoðunar. Innsæið segir manni ef til vill að skoða í tiltekna töskur en stundum kemur ekkert út úr því.“

Það hefur unnið gífulega með okkur að hafa upptöku- og myndavél á grænu hliði. Starfsmenn voru ekki ánægðir með það í fyrstu vegna þess að þeim fannst

yfirstjórn vera að fylgjast með því hvernig þeir ynnu. Hér hefur einn maður aðgang að þessu kerfi og aldrei er neitt skoðað nema það komi kvörtun. Og segja má að í 99% tilvika hafi upptökurnar styrkt málstað tollvarðarins. Ég held að það sé mikið öryggisatriði fyrir alla tollverði að hafa þessi tæki á svona vinnusvæði.“

Eru einhverjar sérstakar reglur um framkomu við farþega?

Okkur finnst aðalatriðið að við séum kurteis og látum farþegann ekki æsa okkur upp. Framkoma tollvarðar fer eftir því hvernig viðmóti hann mætir og á hvern hátt hann þarf að nálgast farþegann. Við getum þurft að eiga við erfiða farþega. Sem dæmi má taka að í fyrrasumar var tollvörður með farþega í klukkutíma sem þrasaði fram og til baka nánast um sama hlutinn. Tollvörðurinn var alltaf jafn rólegur og gaf farþeganum þann tíma sem hann þurfti til að fara sáttari í burtu. Svo kvartaði farþeginn yfir því að honum hefði ekki verið sagt rétt til sem reyndist vera rangt hjá honum og þar sannaði upptakan gildi sitt. Við vorum stolt af okkar manni fyrir að gefa farþeganum svona mikinn tíma þó hann væri að þrefa um sama hlutinn allan tímann.“

Nú hringir síminn. Það er verið að taka nýja tölvu af farþega sem ekki hefur handbæra kaupnótu fyrir henni og tollvörður er að leita ráða hjá Björgu. Málið er afgreitt og tölvan tekin til geymslu í bili. Björg segir að oft sé lagt hald á tölvur og myndavélar sem keyptar hafi verið erlendis og ekki búið að tollafgreiða. Það sé sorglegt hvað fólk leggi mikið á sig til þess að flytja þessi tæki til landsins án þess að greiða tilskilin gjöld af þeim því bara sé lagður virðisaukaskattur á þau. Um morguninn hafi verið lagt hald á tvær tölvur, myndavél og linsu hjá fólki sem eigi svo eftir að sanna að þessi tæki hafi verið keypt hér. „Við hættum því fyrir þremur árum að skrá hluti eins og þessa sem eigandinn á

að geta sannað fyrir okkur að hafi verið keyptir hér á landi eða borguð innflutningsgjöld af, ef hann er stöðvaður á grænu hliði við hefðbundna leit. Of mikil vinna fór í þessa skráningu og okkur fannst hún vera misnotuð. Farþegi ber alltaf ábyrgð á farangri sínum og á að geta gert grein fyrir honum.“

Hvað varðar tölvurnar tvær, myndavélina og linsuna þá viðurkenndu eigendurnir daginn eftir að hafa keypt þessi tæki í Bandaríkjunum. Því var lagt hald á þau og málið sent áfram til rannsóknardeildar.

Er þetta ekki einhæf vinna og tollverðir stundum undir miklu álagi?

„Vinnan er aldrei eins frá degi til dags, alltaf nýir farþegar þannig að þú veist aldrei hvernig dagurinn kemur til með að verða. En svo fer þetta eftir farþegum, sérstaklega í skýrslutöku hjá aðalvarðstjórum og varðstjórum sem þurfa kannski að sitja undir fúkyrðum frá fólki sem hefur verið stoppað og tekinn af einhver varningur, en sem betur fer eru ekki allir farþegar svoleiðis, þeir eru náttúrulega í miklum minnihluta.“

Hefur eitthvað breyst hér eftir að tollumdæmin voru sameinuð í ársbyrjun 2009?

„Það er búið að vera óánægja hjá starfsmönnum sem er ekkert óeðlilegt þar sem aukavinna hefur dregist saman. Þessu valda breyttar aðstæður í þjófófélaginu en ekki að við fengum nýja yfirstjórn, hvort tveggja gerðist bara á sama tíma. Meira álag er á starfsmenn vegna þess að ekki er ráðið í stöður þeirra sem hætta og aukavinna minnkuð. Á móti kemur að dregið hefur úr farþegafjölda, álagið hefur samt aukist því verið er að keyra á færri starfsmönnum og þetta getur verið skorpuvinna.“

Við höfum verið mjög heppin að því leyti að hér á flugvöllinum hafa tollverðir yfirleitt ekki hætt nema út af aldri svo að lítið hefur verið um stafsmannaveltu og ég vona að það haldist

þannig áfram. Ég vil fá að þakka mínu fólki fyrir að láta hlutina ganga upp þó svo að við séum stundum faliðuð, sérstaklega á meðan fjórir tollverðir frá okkur eru í Tollsólunum.“

Á leiðinni út aftur sjáum við að verið er að gegnumlýsa yfirhöfn og skó og tollverðir koma út úr skoðunarherbergi rétt hjá, ánægðir með góðan árangur af leit í farangri farþega. Seinna sögðu fjölmiðlar fréttir af því að þarna hefði tæplega sjötugur Íslendingur sem ekki var á sakaskrá verið tekinn með tæplega eitt kíló af kókaíni, vandlega falið í ferðatösku.

Það kom sem sagt í ljós að ekki var allt sem sýndist, því tollgæslan í flugstöðinni hélt vöku sinni og tókst enn einu sinni að stöðva flutning fikniefna til landsins.

bg / ór

Haldlagningar í Leifsstöð 2009

Áfengi

Sterkt	1.004 l.
Létt	246 l.
Bjór	518 l.

Tóbak

Sígarettur	83.748 stk.
Vindlar	320 stk.
Reyktóbak	5.417 gr.
Reyklaust	62.661 gr.

Sterar

Vökvi	774 ml.
Ambúlar	303 stk.
Töflur	30.606 stk.

Kjöt

Önnur matvæli	1.256 kg.
---------------	-----------

Fíkniefni

Amfetamín	12.801 gr.
Kókaín	1.551 gr.
Maríjuana	32 gr.
Hass	36 gr.
Hass-fræ	5 stk.
E-töflur	5.995 stk.

Vopn

Lyf	88 stk.
-----	---------

	1.176 stk.
--	------------



Að gera embættið að eftirsóknarverðum vinnustað

Á köldum en hjörtum degi sest ég inn á skrifstofu hjá Unni Ýri Kristjánsdóttur, forstöðumanni mannauðssviðs. Eftir að hafa dáðst að stórbrotnu útsýninu yfir Sundin og Esjuna sný ég mér að tilefni heimsóknarinnar og spyr fyrir um stefnu embættis tollstjóra í mannauðsmálum.

„Stefnan í mannauðsmálum er auðvitað að gera embætti tollstjóra að eftirsóknarverðum vinnustað og bjóða upp á gott og hvetjandi vinnuumhverfi sem gefur starfsmönnum færi á að vaxa og dafna í starfi. Við viljum að samskipti, bæði milli starfsfólks og við viðskiptavinum, grundvallist á virðingu. Við leggjum áherslu á gott upplýsingastreymi og skýrar boðleiðir.

Stefnu embættisins er annars að finna í heild sinni á innri vef Tollstjóra og hvet ég alla starfsmenn til að kynna sér hana. Starfsmannastefnan er einmitt í endurskoðun núna í samvinnu við starfsmenn og rétt að benda á að enn er pláss fyrir áhugasama í þeim vinnuhópi en honum er ætlað að endurskoða stefnuna og leggja ný drög fyrir yfirstjórn til samþykktar. Ég bið þá sem hafa áhuga að hafa samband við mig.

Starfsmannaveita var mikil hjá okkur í góðærinu, eins og hjá mörgum öðrum hliðstæðum ríkisstofnunum. Það er alltaf erfiðara að móta heildstæða starfsmannastefnu við slíkar kringumstæður. En eitt af því sem má segja jákvætt um kreppuna er að hún hefur gefið okkur stöðugleika sem auðveldar okkur að ná markmiðum okkar, enda erum við með góðan hóp starfsmanna sem vinnur vel saman.“

En, hvernig gengur að ná þeim markmiðum sem embættið hefur sett sér í mannauðsmálum?

„Ég held það gangi bara nokkuð vel, en auðvitað má

alltaf gera betur. Það má til dæmis nefna að það er ekkert einfalt mál að sameina mörg embætti í eitt, án nokkurs undirbúnings, eins og við lentum í á síðasta ári. Það má segja að þar komi saman ólík menning og ólíkar hefðir, fólk þarf að læra hvert á annað og koma sér saman um framtíðarstefnu. Í því ferli er heilmikið óunnið. En starfsmannamál eiga líka að vera í stöðugri þróun.

Starfsmannasamtölin eru góður áfangi á leiðinni að settum markmiðum. Tilgangur þeirra er meðal annars að skapa vettvang til að skiptast á skoðunum um það sem betur má fara í starfsmannamálum. Mannauðssviðið vonast til að fá ábendingar og samantekt frá yfirmönnum sem nýta má til að móta stefnuna og bæta. Sama er að segja um fræðslustefnu embættisins, framkvæmd hennar mótast af þörfum og óskum starfsmanna sjálfra. Starfsmannasamtölin gefa okkur vonandi upplýsingar sem hægt verður að nýta við gerð fræðsluáætlunar sem taki ávallt mið af þörfum starfsmanna og stefnu embættisins.“

Og hvernig ganga starfsmannasamtölin?

„Starfsmannasamtölin ganga vel. Þau fóru hægt af stað, enda nýjung á ferðinni og allir störfum hlaðnir fyrir, en nú er stór hluti starfsmanna búinn að fara í viðtal. Síðan má ekki gleymast að eftirfylgnin er afar mikilvæg til að þetta ferli nýtist starfsfólkinu og embættinu til framfara.“

Í Starfsmannahandbókinni er talað um að velferð einstaklinga í einkalífi fari saman við líðan þeirra og árangur í starfi og því vilji Tollstjóri leitast við að skapa starfs-

mönnum aðstæður til að samræma kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar.

Hvernig telurðu að til hafi tekist hvað þetta varðar?

„Ég tel að embættið komi vel til móts við starfsmenn í þessu tilliti. Flestir starfsmenn eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma á einhvern hátt, þótt auðvitað stjórnist það alltaf af viðfangsefnum hvers og eins. Margir starfsmenn hafa þann sveigjanleika að geta mætt til vinnu á bilinu frá átta til níu og á sama hátt klárað vinnudaginn á bilinu frá fjögur til fimm. Eins eiga starfsmenn oft möguleika á að lengja hádegisdag á þarf að halda til að sinna erindum. Embættið reynir að vera sveigjanlegur vinnustaður og koma til móts við starfsmenn. Í flestum tilfellum geta starfsmenn í samvinnu við sinn yfirmann fundið lausnir þótt auðvitað sé það misjafnt eftir starfsstöðvum hversu mikinn sveigjanleika er hægt að skapa.“

En, hvernig gengur þér sjálfri að samræma kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar í krefjandi ábyrgðarstarfi?

„Ja, það er auðvitað heilmikið þúsluspil og oft togstreita. Maður vill standa sig á báðum vígstöðvum. En börnin mín eru nú svo heppin að eiga föður. Við höfum verkaskiptingu, hann fer með þau á morgnana, en ég sæki þau oftast. Nú, síðan bý ég svo vel að geta leitað til foreldra

og tengdaforeldra sem oft létta undir og leysa vanda. Ég á þrjú börn og það segir sig sjálft að þau veikjast ekki alltaf öll á sama tíma. Þessir tólf samningsbundnu dagar vegna veikinda barna duga þá skammt og þarf oft að leita til ættingja. Það kemur líka ósjaldan fyrir að ég þarf að vinna heima á kvöldin eftir að allir eru komnir í ró.“

Hvernig ferðu að því að láta ekki streituna ná tökum á þér?

„Ég reyni að aðgreina vinnu og fjölskyldu. Eins og ég sagði tek ég ekki upp fartölvuna fyrir en börnin eru sofnuð. Síðan fer ég í leikfimi þrjú kvöld í viku, milli sjö og níu. Þau kvöld sér eiginmaðurinn um að gefa börnunum að borða og koma þeim yngsta í rúmið. Auðvitað er þetta erfiður tími, en það er annað hvort þessi tími eða eldsnemma á morgnana áður en vinnan hefst. Hins vegar gefur þetta mér það mikið að ég vil ekki sleppa því. Hreyfing er þeim mun mikilvægari sem streituvaldarnir í lífinu eru stærri, hreyfing er bara alveg nauðsynleg.“

Að lokum?

„Mér finnst ég lánsöm að fá tækifæri til að sinna jafnskemmtilegu og gefandi starfi og eiga allt þetta skemmtilega samstarfsfólk. Hver dagur ber í skauti sér ögranir sem gaman er að takast á við.“

Ég get ekki verið annað en sammála þessu, þakka fyrir mig og skil Unni eftir brosandir við vinnu sína.

blk

Stefna í starfsmannamálum

Það er stefna embættis tollstjóra að vera framsækin ríkisstofnun sem er þekkt fyrir að veita góða og skilvirka þjónustu, að vera eftirsóttur vinnustaður og viðurkennd fyrir að standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs.

Er það vilji tollstjóra að bjóða starfsmönnum sínum upp á gott starfsumhverfi og gefa þeim tækifæri til að vaxa og dafna í starfi.

Starfsánægja: tollstjóri leggur áherslu á að starfsfólki hans líði vel í vinnunni og að starfsandi sé góður, að starfsmenn séu liprir og vinsamlegir í samskiptum við viðskiptavinum og samstarfsmenn og veiti góða þjónustu. Er það trú tollstjóra að aukin starfsánægja skili sér í betri þjónustu og meiri árangri.

Starfsþróun: lögð er áhersla á að ráða til starfa hæft og traust starfsfólk, hvetja það til dáða og stuðla að frumkvæði og fagmennsku í hvívetna. Er það gert með því að leggja áherslu á símenntun til að auka þekkingu og færni starfsmanna. Stjórnendur eru hvattir til að tileinka sér

nútímalega stjórnunarhætti og stuðla þannig að því að starfsmenn vaxi og dafni í starfi.

Starfsumhverfi: tollstjóri leggur mikið upp úr góðu starfsumhverfi. Er starfsfólki boðið upp á góða og heilsusamlega vinnuásetningu auk þess sem það er hvatt til heilsuræktar og hollra lífnaðarháttar. Lögð er áhersla á jafnrétti meðal kynjanna, gagnkvæma virðingu, samvinnu og traust á meðal starfsmanna.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Velferð einstaklinga í einkalífi og leik fer saman við líðan þeirra og árangur í starfi. Leitast skal við að skapa starfsmönnum aðstæður til að samræma kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar. Starfsmönnum skal einnig gert kleift að minnka við sig vinnu tímabundið vegna fjölskylduábyrgðar eftir því sem unnt er, svo sem vegna umönnunar barna og sjúklinga í fjölskyldunni. Starfsmenn skulu eiga möguleika á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem aðstæður leyfa. Starfsmenn geta snúið sér til næsta yfirmanns vegna slíkra beiðna og athugar hann hvað tækt er í samvinnu við viðkomandi forstöðumann og mannauðssvið.



Aðild að ESB myndi breyta miklu fyrir verslun og tollgæslu

Eftir að Ísland sótti um aðild að Evrópusambandinu síðastliðið sumar sendi framkvæmdastjórn sambandsins hingað til lands ítarlegan spurningalista í mörgum köflum sem hin ýmsu ráðuneyti og undirstofnanir þeirra svöruðu. Segja má að svörin gefi nokkurs konar yfirlit yfir innviði íslenskrar stjórnáslu og er tollurinn þar engin undantekning, en heill kafli spurningalistans var helgaður tollamálum. Stór og samhentur hópur starfsmanna Tollstjóra vann að því að svara spurningunum og gekk sú vinna með miklum ágætum.

Verkefnisstjóri var Guðbjörn Guðbjörnsson yfirtollvörður og við setjumst með honum inn í fundarherbergi til að fá hans sýn á þetta stórmál.


Guðbjörn bendir strax á að fyrsta skýrslan frá framkvæmdastjórn ESB um það hvernig við stöndum miðað við löggjöf og tollframkvæmd sambandsins sé komin og útkoman ekki sem verst fyrir okkur. Ekki þurfi að breyta mörgu í tollframkvæmdinni enda byggist hún aðallega á samþykktum stofnana eins og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og Alþjóðatollastofnunarinnar.

„Tollurinn er alltaf á landamærunum,“ segir Guðbjörn, „svo það er ekki nema eðlilegt að regluverkið sem hann starfar eftir sé alþjóðlegt. Viðskipti sem varða tollinn eru

eðli málsins samkvæmt utanríkisviðskipti og það segir sig sjálf að tollurinn hefur þurft að ná fram samræmdri framkvæmd hvað þau varðar.

Þegar búið er að semja við ESB og samningurinn verður lagður fyrir þjóðina eigum við í grófum dráttum að vera komin með laga- og tollaframkvæmd ESB á öllum sviðum, fyrir utan einhverja aðlögun, en nú þegar erum við með 60-70% af henni í gegnum EES-samninginn.

Aðild myndi hafa stórkostlegar breytingar í för með sér fyrir íslenska verslun og póstverslun. Það yrði í raun enginn munur á því hvort varan kæmi frá Akureyri eða Berlín, hún fengi sömu meðferð í tollinum. Við gætum líka pantað eitthvað á netinu og það kæmi hingað eins og innanlandssending. Segjum að einhver stór þýsk verslunarkeðja væri með útibú hérna. Vörum sem ættu að fara í verslanir keðjunnar hér væri til dæmis pakkað í gáma í Hamborg og þeir fluttir þaðan með skipi hingað til lands, keyrðir frá hafnargarðinum í verslanirnar og tæmdir þar. Og skil á virðisaukaskatti og vörugjaldi þyrfti ekki að gera fyrr en varan hefur verið seld. Innheimta þessara gjalda hefur því færst frá tollinum yfir til skattsins í ESB-löndunum miðað við núverandi kerfi. Þetta gildir þó ekki um hágjaldavöru, til dæmis áfengi og tóbak. Viðskipti við ríki



utan ESB yrðu svipuð og nú þó tollskráin myndi breytast og við tækjum þátt í tollkvótakerfi Evrópusambandsins.

Tolleftirlitið yrði flóknara og erfiðara, því er ekki að neita, bæði hvað snertir vöru og farþega. ESB-ríkin eru nú 27 með um 500 milljónir íbúa. Þetta gríðarstóra ríkjasamband er meðal annars tollabandalag með frjálsu flæði vöru og fólks á innri markaði sínum, sem er hluti af svokölluðu fjórfrelsi en það er undirstaða innri markaðar ESB. Hlutverk tollgæslunnar er því nær eingöngu að hafa eftirlit á ytri landamærum sambandsins. Samkvæmt reglum ESB á að skoða ákveðið hlutfall af varningi sem fer yfir ytri landamærin og við myndum væntanlega beita þeim aðferðum við það sem við höfum hingað til gert. En hvernig toleftirliti með vöru frá ESB-löndunum yrði hátað er ekki eins ljóst; líklega legðist það að mestu af nema rökstuddur grunur væri um að verið væri að flytja eitthvað ólöglegt til landsins. Hvað varðar farþega má segja sem svo að eftirlit með þeim myndi að talsverðu leyti miðast við greiningarvinnu líkt og nú þegar er reyndin og henni yrði væntanlega bara haldið áfram. Við skulum hafa það í huga að langflest fíkniefnamál á landamærunum hér koma upp í tengslum við innflutning vöru frá ESB-ríkjunum eða komu farþega frá þeim. Við aðild að ESB þætti mér samt líklegt að tollvörðum í farþegamóttöku yrði eitthvað fækkað vegna hins frjálsa flæðis fólks og vöru innan sambandsins en það myndu skapast önnur störf innan tollsins í staðinn. Nefna má að farþegum er heimilt að hafa með sér áfengi og tóbak milli aðildarríkja ESB án þess að greiða nein gjöld, ef varningurinn er til eigin nota eða fyrir fjölskylduna. Þetta hefur leitt til þess að áfengisgjald hefur lækkað töluvert á Norðurlöndunum.

Segja má að Evrópusamstarfinu svipi dálítið til Schengensamstarfsins sem er ætlað að tryggja frjálst flæði einstaklinga innan landamæra samstarfsríkjanna og styrkja baráttuna gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi. Ég var í vegabréfaeftirlitinu á Keflavíkurflugvelli áður en við gerðumst aðilar að Schengen 2001 og þá skoðuðum við hvert einasta vegabréf. Því er ekki að neita að Schengensamningurinn hefur stundum auðveldað afbrotamönnum að komast til landsins. Á móti kemur hins vegar að við erum í

meira samstarfi við Schengenríkin og EUROPOL og fáum upplýsingar úr Schengengerfinu um eftirlýsta einstaklinga og fleira. Svona er það líka með ESB, ríkin innan sambandsins þiggja bæði og gefa.“

En hvað með tolltekjur?


„Tolltekjur hafa dregist heilmikið saman. Efnahagsbandalög og fríverslunarsamningar hafa gert það að verkum að þær eru ekki svipur hjá sjón miðað við það sem þær voru fyrir nokkrum áratugum. 75% af tolltekjum aðildarríkja ESB renna til sambandsins en 25% til ríkisins sem tollafgreiðir og eru í raun svona eins og umsýslugjald. Við myndum svo taka upp tollskrá ESB sem er byggð upp á sama hátt og okkar tollskrá.“

Það er eins og almenningur haldi að flest allt verði ódýrara ef við göngum í ESB, en svo er ekki. Það er tollur á sumu hjá ESB þar sem við höfum engan. Sem dæmi má taka ameríska bíla, á þá kæmi tollur en nú er enginn tollur á þeim. Og ESB-ríkin eru til dæmis með toll á Cocoa Puffs og annað amerískt morgunkorn en við ekki. Alls konar ávextir sem við kaupum á veturna frá Ameríku yrðu hugsanlega dýrari því með tollum á þeim eru Evrópumenn að vernda sinn markað. Utanríkisverslun myndi sennilega breytast í kjölfar aðildar að ESB af því að þá yrði hagstæðara að versla meira við Evrópuríkin vegna verndartolla. En á móti kemur að niður falla tollar á unnar fiskafurðir sem fluttar eru út héðan til Evrópu. Við höfum ekki getað fullunnið fiskinn hér vegna þess að það hefur ekki borgað sig.“

Það eru hindranir og sóknarfæri?

„Já, við getum ekki litið framhjá því. Svo þurfum við að taka vaxtastigið með í reikninginn og ég geri ráð fyrir að erlend tryggingafélög kæmu inn á markaðinn hér. Sennilegt er að vextir myndu lækka talsvert við aðild okkar að Evrópusambandinu, hagstæðari tryggingar yrðu í boði og matarverð yrði eitthvað lægra. Þetta mál þarf að kynna miklu betur og ræða á málefnalegum grundvelli. Á því eru margar hliðar, bæði jákvæðar og neikvæðar, og þær eigum við að skoða með opnum huga.“

bg / sg



Leitað í bifreið

Vöruskoðun í Reykjavík

Vöruskoðun Tollstjóra í Reykjavík, þar sem vinna að jafnaði átta tollverðir, er í nýlegri byggingu við Klettagarða, skammt frá Sundahöfn og vöruskemmmum Eimskipa og Samskipa. Og héðan er auðvelt að fylgjast með skipaferðum um Sundin.

Vinna við vöruskoðun getur verið mjög krefjandi, þó erfiðið sé sannarlega þess virði þegar árangurinn er góður, en það er svo dæmi sé tekið ekkert smá mál að skoða vandlega innihald stærri gámanna sem eru 40 fet.

„Að fara í gegnum svona gám getur tekið tvo daga,“ segir Ólöf Inga Heiðarsdóttir, aðalvarðstjóri í vöruskoðun.

„Þegar búið er að tæma gáminn, skoða innihaldið og bera það saman við reikninga þarf að púsla öllu saman, og stundum er undir hælinn lagt hvort tekst að

loka vel fullum gámi á ný að því loknu. Þá hugsa ég oft með þakklæti til Gulla, það er að segja Guðlaugs Hallgrímssonar, tollvarðar í Hafnarfirði. Við unnum vel saman því hann var alltaf jafn rólegur þó ég yrði óþolinmóð og brýndi fyrir mér að vera ekkert að stressa mig á þessu. Og hann var einstaklega laginn við að raða inn í gámanna aftur.“

Ólöf vann við tollgæslu hjá sýslumanninum í Hafnarfirði frá 2000–2007. Í byrjun þess árs var tollumdæmunum fækkað og hún fluttist til Reykjavíkur þar sem hún hafði byrjað á skipavaktinni 1982. „Ég var mjög ánægð í Hafnarfirði því þetta var lítill og heimilislegur vinnustaður og maður var í öllu. Ég neita því ekki að það voru töluverð viðbrigði fyrir mig að fara á fjölmennari stað, en ég jafnaði mig fljótlega enda yndislegt að

vinna með þessu unga fólki hérna.“

Vöruskoðun er ein leið tollgæslunnar til þess að tryggja eins og hægt er að rétt aðflutningsgjöld skili sér í ríkissjóð, og leiðir iðulega til þess að innflutningur er stöðvaður á vöru sem engin grein hefur verið gerð fyrir og hulunni svipt af fölsuðum reikningum. Þá þurfa tollverðir að hafa augun hjá sér varðandi fjölmörg önnur atriði, allt frá hættulegum efnum til skinna af dýrum í útrýmingarhættu.

Markmiðið er að skoða sem mest en það fer eftir því hvaða mannskapur er tiltækur hverju sinni hversu mikið tekst að komast yfir. Margvíslegum aðferðum er beitt: stikkprufur eru teknar hjá fyrirtækjum sem ekki hafa verið skoðuð lengi, valdir er úr ákveðnir vöruflokkar eða sýnishorn tekin af handahófi. Þá koma beiðnir frá greiningardeild og



Vara borin saman við reikninga



Vöruskoðun hjá Eimskipum

tollafgreiðsludeild á Tryggvagötu um skoðun á vöru í innflutningi og frá farmvernd og öryggisvörðum á hafnar-svæðum um að skoða gáma sem verið er að flytja út.

Gámaskönnunarbíllinn kemur að góð-um notum við að athuga hvort allt sé eðlilegt miðað við reikninga. Skjá-myndirnar eru það nákvæmar að þær sýna hvað þarf að fara langt inn í gám-inn í leit að einhverjum ákveðnum hlut. Svo eru fikniefnahundarnir aldrei langt undan þegar leit stendur yfir og þeir hafa staðið sig mjög vel.

„Við vinnum mikið saman í tollgæsl- unni,“ staðhæfir Ólöf. „Ef það er skipa- leit er hóað í alla sem eru lausir. Og ef mig vantar fólk leita ég til skipavaktar- innar. Það er svo mikil tilbreyting í því að vera ekki alltaf að gera það sama. Þegar leitað er í skipum skiptum við liði og reynum að leita alls staðar sem hægt er að leita með hjálp hundanna. Það sem

við leggjum svo hald á er yfirleitt áfengi, tóbak og fikniefni. Við höfum ekki eins öfluga leitarmenn og áður fyrr en þetta er bara eitthvað sem þarf að þjálfa fólk í.

Ef greiningardeild hefur grun um að innihald gáms sé ekki samkvæmt fyrir- liggjandi skjölum innsiglum við hann við uppskipun eða biðjum skipavaktina um það og fáum hann svo þegar okkur hentar inn í skoðunarplássið hérna. Við höfum líka aðstöðu í skálum skipafélag- anna til að opna gáma og fáum oft hjálp starfsfólksins þar til þess.“

Það skal tekið fram að tollverðir létta sér stundum vinnuna með því að fylgja vörugámum á ákvörðunarstað og telja út úr þeim þar á meðan innflytjandinn sér um tæminguna. Sama gildir um búslóða- gáma en þar getur gámagegnumlýsingar- bíllinn líka sparað heilmikla vinnu, þó eðli málsins samkvæmt komi ekki fram við skönnun hvort hlutirnir séu nýir eða gamlir. Tollfrelsi búslóða er nefnilega

meðal annars háð því að búslóðarmunir séu notaðir og eigandinn hafi átt þá í að minnsta kosti eitt ár. Að auki er leyfilegt að flytja inn muni sem verið hafa í hans eigu í skemmri tíma, upp að tiltekinni hámarksfjárhæð.

Hvað útflutninginn varðar telur Ólöf að það þyrfti að fylgjast enn betur með honum, sérstaklega af því að mikið hefur verið um innbrot og þjófnaði. „Við höfum aðeins aukið skoðun á útflutningi. Það koma líka beiðnir frá farmvernd og örygg- isvörðum um að skoða einstaka gáma, við fáum ábendingar frá fólki sem hefur verið brotist inn hjá og lögreglan er í sambandi við okkur. En kannski er það líka okkar að vera meira vakandi eins og tollvörðurinn sem var á gangi um vöruhús og fannst ein sendingin, sem var bretti af verkfærum, eitthvað skrítin. Við fórum í málið og það passaði, þetta var þýfi.“

bg / ór



Páll Jensson, prófessor í iðnaðarverkfræði við Háskóla Íslands, flutti erindi um kostnað og arðsemi verkefna

Dagur verkefnastjórnunar

Verkefnum, hvort sem þau eru lítil eða stór, er ætlað að færa fyrirtæki eða stofnun nær þeirri framtíðarsýn sem mótuð hefur verið. Að takast á við ný verkefni er með öðrum orðum forsenda framþróunar á vinnustað. Þess vegna er mikilvægt, þrátt fyrir efnahagskreppu og niðurskurð, að halda verkefnavinnu áfram. Stjórnendur og starfsfólk Tollstjóra gera sér grein fyrir þessu og hafa sett fram metnaðarfulla verkefnaáætlun fyrir árið 2010, líkt og gert hefur verið undanfarin ár. Áætlunin var unnin af hópi verkefnastjóra hjá embættinu dagana 1. - 30. nóvember 2009.

Á verkefnaáætlun Tollstjóra í ár eru nítján verkefni sem er ætlað að færa stofnunina nær þeirri framtíðarsýn „að vera framsækin ríkisstofnun sem er þekkt fyrir að hlúa að mannaóði sínum, veita góða og skilvirka þjónustu og standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs.“ Verkefni eru ólík að eðli og umfangi en verðskulda öll góðan undirbúning og að þau séu vel skilgreind.

Stjórnendur og starfsmenn fögnuðu útgáfu verkefna-

áætlunarinnar á **Degi verkefnastjórnunar** 22. janúar síðastliðinn.

Dagskrá dagsins

Dagskráin hófst klukkan níu að morgni í Ford-sal með ávarpi Gunnlaugar Hartmannsdóttur starfsþróunarstjóra og stuttum erindum Maríönnu Jónasdóttur, skrifstofustjóra hjá fjármálaráðuneytinu, og Snorra Olsen tollstjóra. Þá flutti Páll Jensson, prófessor í iðnaðarverkfræði við Háskóla Íslands, erindi um kostnað og arðsemi verkefna. Að lokum fjallaði Eypór Eðvarðsson, hjálfari og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun, meðal annars um þröskulda í hópvinnu. Dagskránni í Ford-sal lauk klukkan tólf á hádegi.

Eftir hádegi kynntu verkefnastjórar fimm verkefni í vinnslu hjá Tollstjóra: sjálfvirkar breytingar á farmskrá (Óttar Gautur Erlingsson), viðburðadagatal (Unnur Ýr Kristjánsdóttir), leiðréttingu gjaldfærðra aðflutningsgjalda (Ragnar Gunnar Þórhallsson), sjálfsafgreiðslu og upplýs-

Áherslur Tollstjóra í verkefnastjórnun eru:

- >> Skýr ábyrgð - verkefnastjórar
- >> Árangursríkt hópstarf
- >> Góður undirbúningur verkefna
- >> Vönduð áætlanagerð
- >> Stöðug eftirfylgni
- >> Lært og miðlað af reynslunni



Norræn innheimtumanna- ráðstefna í Reykjavík

Dagana 7. og 8. október síðastliðinn var haldin í Reykjavík árleg ráðstefna norrænna innheimtumanna ríkissjóðs. Innheimtusvið Tollstjóra hafði veg og vanda af skipulagningu og framkvæmd ráðstefnunnar og naut við það aðstoðar alþjóðafulltrúa. Ráðstefnuna sóttu átján fulltrúar frá Íslandi, Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi.

Þema ráðstefnunnar að þessu sinni var hin alþjóðlega fjármálakreppa og áhrif hennar á innheimtu skatta á Norðurlöndunum. Fram kom í máli fundarmanna að í þeim löndum þar sem áhrifa kreppunnar hefur gætt hvað mest hafa stjórnvöld farið þá leið að fresta greiðslum skatta í því skyni að styðja við atvinnulífið. Þá var rætt um mismunandi leiðir við mælingu innheimtuárangurs auk þess sem farið var yfir breytingar á starfsumhverfi innheimtumanna á Norðurlöndunum og þróun á innheimtukerfum skoðuð.

Ráðstefnur sem þessi eru afar gagnlegur vettvangur fyrir innheimtumenn á Norðurlöndunum til að bera saman bækur sínar, skiptast á hugmyndum og aðferðum auk þess sem þær eru mikilvægur farvegur fyrir skoðanaskipti og tengslamyndun.

jlg / sg

ingabjónusta á vef (Björn Guðmundsson) og innsiglisrof, áfengisfylgdir og fleira (Kristín Sigmarsdóttir).

Það var hátíðleg stemning í upphafi dagskrár en léttleikinn í fyrirrúmi undir hádegi og frameftir degi. Miklar og gagnlegar umræður urðu um kostnað og arðsemi verkefna í framhaldi af erindi Páls og um verkefnin sem verkefnastjórar kynntu. Þá laðaði Eyþór fram bros og hlátur með leikrænum tilburðum í umfjöllun sinni um hina ýmsu fleti í mannlegum samskiptum. Það má því ætla að markmiðum dagsins hafi verið náð - að fagna útgáfu verkefnaáætlunar með fræðslu og skemmtun og hvetja starfsfólk áfram til góðra verka við verkefnastjórnun og verkefnavinnu á næstu misserum.

Aukin áhersla á verkefnastjórnun

Það er stefna Tollstjóra að hagnýta í vaxandi mæli aðferðir verkefnastjórnunar í sókn að markmiðum embættisins og aukinni skilvirkni í rekstri verkefna - aðferðafræði sem felur í sér undirbúning verkefna, þar með talið skipulagningu/áætlanagerð, og eftirlit með öllum þáttum verkefnis á framkvæmdatíma. Tollstjóri hefur sett fram viljayfirlýsingu þar að lútandi og mun leggja áherslu á að auka starfsþekkingu og færni verkefnastjóra á komandi árum. Í því sambandi má nefna að námskeið í grunnþáttum verkefnastjórnunar er nú hluti af nýrri námsskrá Tollskólans.

Linda Rut Benediktsdóttir,
forstöðumaður þjónustu- og gæðamála



Greiðsluaðlögun - túlkun dómstóla

Þann 30. mars 2009 voru samþykkt lög nr. 24/2009 um breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr 21/1991 (hér eftir nefnd gbl.). Með lögnum bætist nýr kafli við gbl., það er tíundi kafli a. sem ber heitið greiðsluaðlögun. Setning reglnanna um greiðsluaðlögun var liður í aðgerðum stjórnvalda og Alþingis til að koma til móts við skuldara sem lentu í greiðsluerfiðleikum í kjölfar bankahrunsins sem varð hér á landi í október 2008. Í kaflanum um greiðsluaðlögun eru níu lagagreinar þar sem meðal annars er fjallað um skilyrði þess að einstaklingar geti hlotið greiðsluaðlögun, það er 63. gr. a. – 63. gr. i.

Þegar þetta er ritað er tæpt ár síðan sérstakar reglur um greiðsluaðlögun tóku gildi og hafa á þessu tímabili átta mál komið til kasta Hæstaréttar Íslands. Í málunum hefur reynt á ýmis skilyrði 10. kafla a. í gbl. Skilyrðin sem helst hefur reynt á fyrir dómstólum, og skipta einna mestu máli með tilliti til innheimtu opinberra gjalda, snúa annars vegar að því þegar rekja má skuldir einstaklinga til atvinnurekstrar sem þeir hafa borið ótakmarkaða ábyrgð á, sbr. 2. mgr. 63. gr. a. í gbl. Hins vegar er um að ræða tilvik þar sem skuldari hefur bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða

skaðabótaskyldu, sbr. 4. tölulið 1. mgr. 63. gr. d. í gbl. Um slíkt getur til dæmis verið að ræða þegar skuldari hefur ekki staðið skil á greiðslu virðisaukaskatts til ríkissjóðs eða þegar lögð hefur verið skattsekt á einstakling. Ákvæðin eru nokkuð matskennd og því skiptir miklu máli fyrir Tollstjóra og aðra opinbera innheimtumenn að fá úr því skorið af dómstólum hvernig túlka skuli umrædd ákvæði. Í þessari grein verður reynt að varpa ljósi á túlkun dómstóla á þessum skilyrðum 10. kafla a. í gbl.

Skuldari hefur bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu

Í 63. gr. d. í gbl. eru tiltekin sex atriði, sem leitt geta til þess að héraðsdómari hafni beiðni einstaklings um heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Atriðin sem tiltekin eru í 1. mgr. 63. gr. d. eru viðbót við þær ástæður sem 1. mgr. 38. gr. í gbl. greinir frá og eiga að leiða til þess að héraðsdómari synji um heimild til að leita nauðasamnings.

Það atriði sem telja verður að skipti mestu með tilliti til innheimtu opinberra gjalda og hér er til umfjöllunar er d. liður 1. mgr. 63. gr. Á d. liðinn reyndi í dómi Hæstaréttar Íslands frá 20. janúar 2010 (nr. 721/2009). Í málinu hafði

skuldari meðal annars ekki staðið skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs sem nam samtals 1.780.437 kr. eða ríflega 8,3% af heildarskuldum hans. Héraðsdómur Vesturlands veitti skuldara heimild til að leita greiðsluaðlögunar gegn mótmælum sýslumannsins á Eskifirði og vísaði meðal annars til þess að verulegur hluti skuldarinnar væri byggður á áætlunum. Í forsendum héraðsdóms sagði um virðisaukaskattskuldina:

Skuld [skuldara] við [sýslumanninn á Eskifirði] vegna vörsluskatta nemur innan við 10% af heildarskuldum hans. Er þá einnig til þess að líta að verulegur hluti skuldarinnar er áætlaður virðisaukaskattur. Samkvæmt þessu verður ekki talið að [skuldari] hafi bakað sér skuldbindingu, svo einhverju nemi miðað við fjárhag hans, með háttsemi sem varðar refsingu. Verður 4. tölul. 1. mgr. 63. gr. d. laganna því ekki talin hindra að fallist verði á kröfu [sýslumannsins á Eskifirði].

Í meðförum Hæstaréttar var úrskurði héraðsdóms snúið við á þeim grundvelli að fjárhæð virðisaukaskattsskuldara yrði að teljast allhá og væri þar fyrir utan 8,3% af heildarskuldum skuldara. Þá var talið ljóst samkvæmt gögnum málsins að skuldari væri nú eignalaus. Hæstiréttur leit einnig til

eignastöðu skuldara í árslok 2006 og bar hana saman við fjárhæð virðisaukaskattsskuldur hans. Taldi Hæstiréttur að eignir skuldara hefðu í árslok 2006 ekki verið slíkar að vangreiddur virðisaukaskattur hefði verið smávægilegur með hliðsjón af eignum skuldara. Taldi Hæstiréttur því að synja hefði átt skuldara um heimild til að leita nauðasamnings á grundvelli 4. töluliðar 1. mgr. 63. gr. d., sbr. 1. tölulið 1. mgr. 57. gr. í gþl.

Þegar þetta er ritað hafa aðrir dómur þar sem fjallað hefur verið um 4. tölulið 1. mgr. 63. gr. d. ekki fallið. Eins og áður hefur komið fram er ákvæðið nokkuð matskennt og niðurstaða Hæstaréttar í ofangreindum dómi ekki nægjanlega skýr varðandi það hversu hátt hlutfall af heildarskuldum skuldara skuldir sem heyra undir 4. tölulið mega vera. Af dóminum virðist mega ráða að einhverskonar heildarmat á aðstæðum skuldara skuli eiga sér stað. Við það mat skal meðal annars líta til hlutfalls virðisaukaskattsskuldur gagnvart heildarskuldum skuldara og fjárhæðar virðisaukaskattsskuldur skuldara gagnvart eignastöðu hans. Ef draga á einhverja ályktun af ofangreindum dómi er freistandi að álykta sem svo að nemi skuldir sem falla undir 4. tölulið 10% eða meira af heildarskuldum skuldara, og þær nemi einhverju miðað við fjárhag hans á þeim tíma er stofnað var til skuldanna, eigi að synja skuldara um heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Ekki er hægt að fullyrða að svo sé að svo stöddu, til þess er þörf á fleiri og skýrari úrlausnum dómstóla.

Skuldir einstaklinga vegna atvinnurekstrar sem þeir hafa borið ótakmarkaða ábyrgð á

Í 2. mgr. 63. gr. a. í gþl. er að finna takmarkanir á heimild einstaklinga til að leita greiðsluaðlögunar. Ákvæði 2. mgr. 63. gr. a. kveður á um að reglur um greiðsluaðlögun nái ekki til einstaklinga sem undangengin þrjú ár hafa borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi, hvort sem þeir hafa lagt stund á

atvinnustarfsemina einir eða í félagi við aðra. Frá þessari reglu er þó gerð sú undantekning að einstaklingur getur fengið heimild til greiðsluaðlögunar ef atvinnurekstri hefur verið hætt og skuldirnar sem stafa frá atvinnurekstrinum eru tiltölulega lítill hluti af heildarskuldum hans.

Ákvæðið er skýrt að því er tímafrestinn varðar, það er að einstaklingur hafi á síðastliðnum þremur árum áður en hann leitaði greiðsluaðlögunar borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi. Það sem hins vegar veldur nokkrum vafa er hvernig túlka beri orðalagið „tiltölulega lítill hluti af heildarskuldum“. Á ákvæði 2. mgr. 63. gr. a. í gþl. hefur reynt í þremur dómum Hæstaréttar. Í fyrsta lagi er um að ræða dóm Hæstaréttar Íslands frá 20. janúar 2010 (nr. 721/2009) sem gerð var grein fyrir hér að framan. Í málinu hafði skuldari hætt atvinnurekstri sínum, sem hann hafði borið ótakmarkaða ábyrgð á, í lok árs 2006 en beiðni hans um greiðsluaðlögun var dagsett 17. júlí 2009. Því var ljóst að skuldarinn í málinu hafði borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnurekstri á síðustu þremur árum í skilningi 2. mgr. 63. gr. a. í gþl. Af þessum sökum reyndi á hvort umræddar skuldir, sem rekja mátti til atvinnurekstrar hans, væru „tiltölulega lítill hluti“ af heildarskuldum hans. Þær skuldir sem rekja mátti til atvinnurekstrar skuldarans námu um það bil 15% af heildarskuldum hans. Í dómi sínum staðfesti Hæstiréttur úrskurð héraðsdóms þar sem talið var að 15% væru tiltölulega lítill hluti af heildarskuldum skuldarans. Af þessum sökum var talið að ákvæði 2. mgr. 63. gr. a. í gþl. stæðu ekki í vegi fyrir því að skuldari gæti leitað nauðasamnings til greiðsluaðlögunar.

Í öðru lagi er um tvo dóma Hæstaréttar að ræða sem féllu annars vegar 3. júní 2009 og hins vegar 10. júní 2009 (mál nr. 272 og 273/2009). Málin eru efnislega af sama meiði en skuldarar í málunum voru hjón sem höfðu stundað atvinnurekstur og þegið laun

frá einkahlutafélagi í þeirra eigu. Voru fjárhagserfiðleikar þeirra aðallega raktir til versnandi afkomu einkahlutafélagsins. Héraðsdómari hafnaði í úrskurði sínum beiðni skuldaranna um að leita greiðsluaðlögunar á þeim grundvelli að skuldir þeirra mætti að mestu rekja til persónulegra ábyrgða þeirra vegna eigin atvinnurekstrar, enda bera eigendur einkahlutafélaga almennt ekki persónulega ábyrgð á skuldum einkahlutafélaga sinna. Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms en með breyttum rökstuðningi. Taldi Hæstiréttur að þar sem að skuldararnir hefðu átt og rekið einkahlutafélag þar sem þau voru launþegar væri ljóst að þær ábyrgðir sem þau hefðu tekið á sig vegna rekstursins hlytu að hvíla á þeim á grundvelli samninga, en ekki vegna ótakmarkaðrar ábyrgðar skuldara á atvinnustarfseminni. Af þessum sökum var ekki fallist á röksemdir héraðsdóms um að skilyrðum 2. mgr. 63. gr. a. í gþl. hefði ekki verið fullnægt. Hæstiréttur veitti skuldurunum samt sem áður ekki heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Taldi Hæstiréttur að beiðni skuldara um greiðsluaðlögun uppfyllti ekki skilyrði 1. mgr. 63. gr. c. í gþl., það er að beiðnin innhéldi ekki þau gögn sem nauðsynleg væru til að hægt væri að taka afstöðu til hennar.

Niðurstöður

Það skiptir Tollstjóra og aðra opinbera innheimtumenn miklu að reglur um greiðsluaðlögun og skilyrði greiðsluaðlögunar séu sem skýrastar en telja verður þær reglur sem gilda um greiðsluaðlögun nokkuð matskenndar. Innheimtumenn ríkisins hafa því ekki önnur úrræði en að eftirláta dómstólum að ákveða hvernig skuli túlka hinar matskenndu reglur um greiðsluaðlögun. Það er því mikilvægt að opinberir innheimtumenn séu vel með á nótunum um það hvernig dómstólar landsins ætla sér að móta hinar nýju reglur um greiðsluaðlögun einstaklinga.

**Vilhjálmur Reyrr Þórhallsson,
lögfræðingur á innheimtusviði**



Valur Steinarsson skjalastjóri og Hjördís Magnúsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur

Skjalavistunarkerfið og grisjun skjala

Allt síðasta ár hefur verið unnið að því að taka GoPro-kerfið í notkun í öllum deildum embættisins. Kerfið heldur utan um málafn Tollstjóra: inn- og útsend bréf sem áður voru skráð í rafræna bréfadagbók, ársskýrslur, samninga og ýmiskonar önnur verkefni og skjöl. Um síðustu áramót höfðu 100 notendur aðgang að kerfinu og í öllum deildum embættisins er að minnsta kosti einn starfsmaður með aðgang að því.

Með tilkomu GoPro breytist ekki bara upplýsingavistun innan embættisins heldur einnig miðlun upplýsinga og möguleikar starfsmanna til þess að fylgjast með framvindu mála. Öll erindi sem berast bréflaga eru skönnuð inn og skráð á skjalasafni eða í samvinnu við það. Þau gögn og þann tölvupóst sem einungis er vistaður í tölvum starfsmanna og á heima í málafninu þarf hver og einn að skrá sjálfur inn í kerfið.

Á síðasta ári voru stofnuð 1.633 mál í

GoPro, eða um það bil 136 mál í hverjum mánuði. Alls voru sett inn í kerfið 13.287 skjöl árið 2009. Í byrjun árs 2010 var 20 starfsmönnum bætt við þannig nú eru um 120 starfsmenn með aðgang að kerfinu og enn eiga einhverjir eftir að bætast við. Áætlað er að innleiðingunni ljúki núna í vor. Reynslan af innleiðingunni og yfirfærslu úr gamla kerfinu yfir í GoPro hefur að mestu leyti verið góð. Innleiðing af þessari stærðargráðu er alltaf flókin enda að mörgu að hyggja og starfsmenn mislengi að tileinka sér nýjan hugbúnað og ný vinnubrögð. Þar að auki er notkun starfsmanna mjög mismunandi, allt eftir því hverskonar verkefnum þeir sinna. Til þess að auka upplýsingagjöf til starfsmanna var brugðið á það ráð að senda öllum GoPro-notendum fréttabréf þar sem meðal annars er bent á hvernig hægt sé að stytta sér leið í notkun kerfisins og ýmsar nýjungar kynntar fyrir

notendum. Einnig stóð skjalasafnið fyrir GoPro-hreingerningardegi í tengslum við útgáfu fréttabréfsins og voru starfsmenn þá hvattir til þess að renna yfir þau mál sem þeir voru með í vinnslu í kerfinu og sjá hvort einhverjum þeirra mætti loka. Góð viðbrögð voru við fréttabréfinu og hreingerningardeginum og er það ætlunin að senda út fréttabréf að minnsta kosti ársfjórðungslega. Í ofanálag býður skjalasafnið upp á styttri námskeið, svokölluð hraðnámskeið fyrir þá notendur GoPro sem þess óska. Á hraðnámskeiðunum er farið í ákveðna þætti í notkun kerfisins og hvernig hægt er að aðlaga þá að þörfum hvers og eins.

Meðfram innleiðingu á GoPro hefur mikil vinna verið innt af hendi á skjalafninu varðandi grisjun og frágang skjala. Á síðasta ári fékkst heimild Þjóðskjalasafns Íslands fyrir grisjun á pappírskjalasafnum eldri en sex ára, að því gefnu að skjöl einnar viku yrðu varðveitt sem

sýnishorn. Eldri grisjunarheimild kvað á um varðveislu í tíu ár og eftir það fimmta hvert ár í heild sinni og mánuð úr hverju ári. Sú heimild var að skapa embættinu töluverð vandamál enda voru tollskjöl varðveitt á fimm mismunandi stöðum og skjalamagnið talið í tugum tonna og vörubretta. En í heildina voru grisjuð 35 tonn af tollskjöllum í nokkrum áföngum. Núverandi staða í grisjunarmálum gerir embættinu kleift að straumlínulaga og einfalda alla varðveislu á tollskjöllum. Nú eru öll tollskjöl varðveitt á einum og sama staðnum, í skjalasafni embættisins að Tryggvagötu 19.

Samhliða grisjunni hefur grettistaki verið lyft í frágangi og skráningu á eldra bréfasafni embættisins ásamt bréfasafni Ríkistollstjóra sem varðveitt er hjá Tollstjóra. Ætlunin er að bæði söfnin verði þegar fram líða stundir þannig frágengin að hægt verði að afhenda þau Þjóðskjalasafni Íslands. En til þess að svo geti orðið þarf að fylgja þeim fullkominn skráning og frágangur að vera í samræmi við yfstrustu kröfur safnsins. Síðasta afhending til Þjóðskjalasafns fór fram árið 1992 þegar bréfasafn Tollstjórans í Reykjavík frá stofnun embættisins árið 1929 og fram til ársins 1971 var afhent.

Skjöl eru geymd víðsvegar eins og gerist og gengur hjá stóru embætti og mikilvægt að brýna fyrir starfsmönnum að ganga vel um þau gögn sem þeir nota og koma öllum gögnum sem á að varðveita til skjalasafnsins strax og notkun þeirra er lokið. Skjalasafnið er til húsa á annarri hæð í austurenda Tryggvagötu 19 og hefur til afnota tvær megin-geymslur. Önnur þeirra (gamla skjalageymslan) er hugsuð sem djúpgeymsla fyrir skjöl sem lítið sem ekkert er farið í og bíða afhendingar til Þjóðskjalasafns. Hin (sú nýrri) kemur til með að hýsa skjöl embættisins sem yngri eru að árum og tengjast daglegri starfsemi þess og þurfa þar með að vera aðgengileg.

Valur Freyr Steinarsson skjalavörður



Erlendir gestir á námskeiðinu. Peter Southwood fyrir miðju í aftari röð

Námskeið í myndgreiningu

Undanfarin ár hafa starfsmenn frá tollembættum á Norðurlöndunum haldið ráðstefnu einu sinni á ári um starfsemi gegnumlýsingarþjónu. Markmið slíkrar ráðstefnu er að skapa vettvang þar sem skipst er á upplýsingum og miðlað af reynslu af vettvangi og er ákveðið þema tekið til umfjöllunar hverju sinni. Að þessu sinni var ráðstefnan haldin á Íslandi og var áherslan á kennslu og þjálfun í myndgreiningu. Í tengslum við ráðstefnuna var haldið námskeið í myndgreiningu og var hinum Norðurlandþjóðunum boðið að senda tvo fulltrúa frá hverju landi á námskeiðið. Frá embætti Tollstjóra sóttu níu tollverðir námskeiðið.

Peter Southwood frá Peter Southwood & Associates var fenginn til að sjá um námskeiðið. Hann hefur mikla reynslu af gegnumlýsingarþjónu þar sem hann átti meðal annars stóran þátt í útfærslu öryggis- og gegnumlýsingarmála við Ermasundsgöngin og hefur unnið sem ráðgjafi fyrir WCO. Það þótti mikill happafengur að fá svo reynslumikinn mann hingað til lands til að halda námskeið fyrir embættið. Southwood hefur haldið nokkur námskeið fyrir írska tollinn og fékk þar hin bestu meðmæli. Þátttakendur töldu námskeiðið gagnlegt og reyndist það sérstaklega góð viðbót fyrir íslensku tollverðina sem höfðu að jafnaði styttri starfsreynslu á þessum vettvangi en samstarfsmenn þeirra frá Norðurlöndunum.

Ásgeir Ingólfsson tollvörður og Birna Friðfinnsdóttir sérfræðingur



Tollafgreiddar aðflutningsskýrslur árið 2009

Í þessari grein eru birtar ýmsar tölfræðilegar upplýsingar um aðflutningsskýrslur árið 2009. Allar grunnupplýsingar um tollskýrslur og tollafgreiðslur eru geymdar í Tollarferfinu. Þaðan eru upplýsingar fluttar með reglubundnu millibili í hliðargeymslu, svokallað vöruhús gagna. Upplýsingarnar í greininni voru sóttar úr þessu vöruhúsi og miðast við gögnin eins og þau voru þann 5. mars 2010.

Þegar tiltekin vörusending kemur til landsins gefur farmflytjandi henni 18 stafa sendingarnúmer eftir fyrirfram ákveðnum reglum sem Tollstjóri setur. Farmflytjandi sendir innflytjanda síðan upplýsingar um sendingarnúmer vörusendingarinnar. Þegar innflytjandi sendir Tollstjóra aðflutningsskýrslu vegna vörusendingarinnar tilgreinir hann meðal annars sendingarnúmerið á skýrslunni. Sendingarnúmerið verður þannig auðkenni vörusendingarinnar þegar að tollafgreiðslu kemur og aðgreinir tollafgreiðslu hennar frá tollafgreiðslu á öðrum vörusendingum vegna þess að sama sendingarnúmer má bara nota fyrir þessa tilteknu vörusendingu en enga aðra.

Nú getur það gerst að tiltekin vörusending sé tollafgreidd en að leiðrétta þurfi aðflutningsskýrsluna sem lögð var til grundvallar þegar tollafgreiðsla fór fram. Þar kemur tvennt til. Í fyrsta lagi er í ákveðnum tilfellum heimilt að afhenda innflytjanda vörusendingu gegn

því að lögð sé fram bráðabirgðatollskýrsla. Það köllum við bráðabirgðatollafgreiðslu. Í slíkum tilfellum er í framhaldinu alltaf lögð fram ný fullfrágengin aðflutningsskýrsla sem síðan er lögð til grundvallar þegar fullnaðartollafgreiðsla fer fram. Við köllum bráðabirgðatollafgreiðsluna afgreiðslu 1 en fullnaðartollafgreiðsluna afgreiðslu 2. Sendingarnúmer vörusendingarinnar er það sama á báðum tollskýrslunum. Í öðru lagi getur komið í ljós, eftir að fullnaðartollafgreiðsla fer fram, að villa leynist í aðflutningsskýrslunni sem lögð var til grundvallar. Þá þarf að leggja fram nýja leiðrétta útgáfu af aðflutningsskýrslunni og tollafgreiða hana aftur. Hér gildir það líka að sendingarnúmer leiðrétta skýrslunnar er það sama og á upphaflegu skýrslunni og að eitt og sama sendingarnúmerið hefur verið tollafgreitt oftar en einu sinni.

Tölfræðiupplýsingar í greininni eru miðaðar við vinnulagið sem hér hefur verið lýst. Í sumum tilfellum er hvert sendingarnúmer bara talið með einu sinni og þá alltaf miðað við síðustu tollskýrslu. Í öðrum tilfellum eru allar tollskýrslur vegna sama sendingarnúmers taldar með. Hafa þarf hugfast að alltaf þarf að senda Tollstjóra nýja útgáfu af aðflutningsskýrslu ef leiðrétta þarf fyrri tollafgreiðslu.


Fjöldi sendingarnúmera árin 2001 til 2009

Í upphafi leggjum við lykkju á leið okkar og skoðum fjölda sendingarnúmera sem tollafgreidd voru árin 2001 til 2009 og hundraðshlutfall á einstökum árum miðað við heildarfjölda á tímabilinu. Tölur eru birtar í töflu 1 og línuriti. Eins og glöggst kemur fram í þessum samanburði voru sendingarnúmer fæst árið 2009, eða rúmlega 165.000 færri en árið 2007 þegar þau voru flest á tímabilinu. Í þessum tölum er hvert sendingarnúmer bara talið með einu sinni og þá á árinu þegar síðasta afgreiðsla fór fram.

Tafla 1: Árin 2001 til 2009 - fjöldi sendingarnúmera eftir árum

Ár	Fjöldi	Hlutfall
2001	340.301	9,68%
2002	341.177	9,70%
2003	369.577	10,51%
2004	390.762	11,11%
2005	444.521	12,64%
2006	452.753	12,87%
2007	473.228	13,46%
2008	396.759	11,28%
2009	307.972	8,76%
Samtals	3.517.050	100,00%

Línurit af fjölda sendingarnúmera árin 2001 til 2009



Fjöldi sendingarnúmera eftir mánuðum árið 2009

Næst verður litið nánar á fjölda sendingarnúmera sem tollafgreidd voru í einstökum mánuðum árið 2009. Hvert sendingarnúmer er bara talið með einu sinni og í þeim mánuði þegar síðasta afgreiðsla fór fram. Tvennt þarf að hafa hugfast: í fyrsta lagi að sendingarnúmer sem upphaflega voru tollafgreidd fyrir 1. janúar 2009 en leiðrétt árið 2009 eru tekin með í þessum tölum; í öðru lagi að sendingarnúmerum er sleppt hér hafi þau verið leiðrétt árið 2010. Sendingarnúmerin árið 2009 eru 307.972 ef

þau eru talin á þennan hátt. Tölur eru birtar í töflu 2. Eins og sjá má voru sendingarnúmerin flest í september, litlu færri í mars en fæst voru þau í janúar.

Tafla 2: Árið 2009 - fjöldi sendingarnúmera eftir mánuðum

Mánuður	Fjöldi	Hlutfall
Janúar	21.440	6,96%
Febrúar	22.605	7,34%
Mars	28.302	9,19%
Apríl	23.708	7,70%
Mái	24.496	7,95%
Júní	26.363	8,56%
Júlí	25.895	8,41%
Ágúst	24.575	7,98%
September	28.435	9,23%
Október	27.380	8,89%
Nóvember	27.135	8,81%
Desember	27.638	8,97%
Samtals	307.972	100,00%

Fjöldi tollskýrslna árið 2009

Nú er komið að upplýsingum um fjölda aðflutningskýrslna sem tollafgreiddar voru á árinu 2009. Í fyrri upplýsingum um fjölda sendingarnúmera árið 2009 var sendingarnúmer bara talið með ef lokaafgreiðsla fór fram á árinu 2009. Hér verða aftur á móti allar afgreiddar aðflutningsskýrslur árið 2009 taldar, óháð því hvort um var að ræða síðustu afgreiðslu sendingarnúmers.

Fyrst í stað athugum við fjölda aðflutningsskýrslna eftir númeri afgreiðslu. Fyrir í greininni var útskýrt að númer afgreiðslu á fyrstu tollskýrslu vegna ákveðins sendingarnúmers er 1. Þurfi að leiðrétta upplýsingar vegna sendingarnúmersins með nýrri tollskýrslu er númer afgreiðslu á þeirri skýrslu 2 og þannig koll af kalli. Síðan eru skýrslurnar flokkaðar eftir því hvernig upphafleg útgáfa vegna hvers sendingarnúmers var send til Tollstjóra. Fyrsta flokkinn köllum við SMT en þar eru skýrslur sem sendar voru rafrænt úr tölvukerfum innflytjenda eða miðlara. Annan flokkinn köllum við VEF en þar eru skýrslur sem sendar voru rafrænt frá VEF-tollafgreiðslukerfi Tollstjóra. Í þriðja flokkinn, sem við köllum Pappír, fara pappírsskýrslur.

Þessar upplýsingar eru birtar í töflu númer 3. Eins og fram kemur voru 314.662 aðflutningsskýrslur afgreiddar á árinu 2009. Jafnframt má sjá að 8.048 skýrslur, eða rúmlega 2,5% skýrslanna, eru vegna leiðréttinga. Þetta er fjöldi skýrslanna með afgreiðslunúmer frá 2 til 8. Rétt

er að taka fram að afgreiðsla nr. 2 á pappír er að mestum hluta uppgjör á bráðabirgðatollafgreiðslu með fjártryggingu.

Þegar taflan er skoðuð þarf jafnframt að hafa hugfast að allar skýrslur með afgreiðslunúmerum frá 2 til 8 bárust Tollstjóra á pappír. Tölurnar fyrir afgreiðslunúmer 2 til 8 í flokkunum SMT og VEF ber því að skilja þannig: af þeim skýrslum, sem bárust Tollstjóra upphaflega sem SMT- eða VEF-skýrslur, var þessi fjöldi leiðréttur og allar leiðréttingar bárust Tollstjóra á pappír.

Tafla 3: Árið 2009 - fjöldi aðflutningsskýrslna eftir númeri afgreiðslu

Nr. afgreiðslu	SMT	VEF	Pappír	Samtals
1	277.148	9.515	19.951	306.614
2	3.957	94	3.552	7.603
3	295	14	45	354
4	35	14	0	49
5	11	9	0	20
6	8	4	0	12
7	6	1	0	7
8	2	1	0	3
Samtals	281.462	9.652	23.548	314.662

Næst eru upplýsingar um það hvernig aðflutningsskýrslunum var skilað til Tollstjóra. Í töflu 4 eru sömu upplýsingar og áður voru birtar í töflu 3 en nú er þeim raðað upp á annan hátt. Hér eru afgreiðslur sundurliðaðar eftir því hvort skýrsla barst Tollstjóra rafrænt eða á pappír. Þessar upplýsingar eru einnig til staðar í töflu 3 en hér er tilgangurinn sá að finna út hlutfall skýrslna sem bárust rafrænt til Tollstjóra. Eins og sjá má í töflu 4 barst rúmlega 91% allra aðflutningsskýrslna rafrænt til Tollstjóra.

Tafla 4: Árið 2009 - fjöldi aðflutningsskýrslna eftir því hvort þær bárust rafrænt eða á pappír

Númer afgreiðslu	Samtals	Hlutfall rafrænt/pappír
1	306.614	*93,49%/6,51%
2-8	8.048	0%/100%
Niðurstaða	314.662	91,10%/8,90%

*Ef ekki er tekið tillit til sendinga sem afgreiddar voru beint í farmskrárkerfi Tollakerfis er þetta hlutfall rúmlega 97%.

Því næst verða allar aðflutningsskýrslur á árinu 2009 athugaðar með tilliti til þess hvort afgreiðsla var sjálfvirk eða handvirk. Með sjálfvirkri afgreiðslu er átt við að skýrsla sé tollafgreidd án þess að starfsmaður Tollstjóra yfirfari hana áður. Afgreiðsla getur aldrei verið sjálfvirk nema tollskýrsla berist rafrænt til Tollstjóra. Þurfi starfsmaður Tollstjóra hins vegar að yfirfara skýrslu áður en hún er tollafgreidd, er afgreiðslan handvirk. Rafrænar skýrslur eru ýmist afgreiddar sjálfvirk eða handvirk en pappírsskýrslur eru alltaf afgreiddar handvirk. Fyrir í greininni kom fram að leiðréttingar á tollafgreiddum skýrslum eru alltaf sendar sem pappírsskýrslur og eru því alltaf afgreiddar handvirk (afgreiðsla 2 eða hærrí). Upplýsingar um sjálfvirka og handvirka afgreiðslu eru sýndar í töflum 5 og 6. Í töflu 5 eru eingöngu upplýsingar um afgreiðslu númer 1 á rafrænum skýrslum, það er SMT- og VEF-skýrslum. Eins og þar kemur fram voru rúmlega 77% þeirra afgreiðslna sjálfvirkar.

Tafla 5: Árið 2009 - afgreiðsla númer 1 á SMT- og VEF-skýrslum - sjálfvirk afgreiðsla

Tegund skýrslu	Fjöldi afgreiðslna	Sjálfvirk afgreiðsla - fjöldi	Sjálfvirk afgreiðsla - hlutfall
SMT- skýrsla	277.148	219.266	79,12%
VEF - skýrsla	9.515	2.211	23,24%
Niðurstaða	286.663	221.477	77,26%

Í töflu númer 6 skoðum við allar afgreiðslur og bætast þá pappírsskýrslurnar í hópinn. Þar má sjá að rúmlega 70% allra afgreiðslna voru sjálfvirkar.

Tafla 6: Árið 2009 - allar afgreiðslur - sjálfvirk afgreiðsla

Tegund skýrslu	Fjöldi	Sjálfvirk afgreiðsla - fjöldi	Sjálfvirk afgreiðsla - hlutfall
Pappírsskýrsla	23.548	0	0,00%
SMT- skýrsla	281.462	219.266	77,90%
VEF - skýrsla	9.652	2.211	22,91%
Niðurstaða	314.662	221.477	70,39%

Sendingarnúmer árið 2009 – tollar og aðflutningsgjöld

Eins og fram kom fyrr í greininni fengu 307.972 sendingarnúmer lokaafgreiðslu á árinu 2009. Í næstu töflu, sem er númer 7, eru mjög einfaldaðar upplýsingar um tolla og aðflutningsgjöld af þeim sendingarnúmerum. Upphæðum er skipt í þrjá meginflokkka: tolla, virðisaukaskatt og önnur gjöld.

Tafla 7: Sendingarnúmer árið 2009 – tollar og aðflutningsgjöld

Tollar og gjöld	Upphæð	Hlutfall
Tollar	5.263.965.333	3%
Virðisaukaskattur	100.419.339.786	67%
Önnur gjöld	45.305.099.710	30%
Samtals	150.988.404.829	100%

Sendingarnúmer árið 2009 – innkaupsverð og tollverð eftir mynt skýrslu

Fyrst er rétt að gera grein fyrir merkingu orðanna innkaupsverð og tollverð. Í sinni einföldustu mynd má segja að innkaupsverð, oft einnig nefnt FOB-verð, segi til um verð eða verðmæti vörunnar þegar hún er komin um borð í flutningsfar sem flytur hana til Íslands. Verð vörunnar að viðbættum flutningskostnaði, váttryggingu og öðrum kostnaði erlendis myndar svo tollverðið.

Í síðustu töflunni sem er númer 8 eru frekari upplýsingar um sendingarnúmerin sem fengu lokaafgreiðslu á árinu 2009. Þar eru upplýsingar um innkaupsverð og tollverð skýrslanna sem og fjölda skýrslna eftir myntum. Í töflunni er bandaríkjadalur efstur á blaði vegna þess að í þeirri mynt er hæsta innkaups- og tollverðið. Hins vegar má glögg sjá að langflest sendingarnúmer eru í næstefsta hópnum þar sem myntin er evra.

Tafla 8: Sendingarnúmer árið 2009 - innkaupsverð (fob-verð) og tollverð eftir mynt skýrslu

Mynt	Mynt - heiti	Fjöldi	Innkaupsverð (fob) - ísl. kr.	Tollverð - ísl. kr.	Tollverð - hlutfall
USD	Bandaríkjadalur	52.310	155.939.457.577	169.260.267.208	37,1%
EUR	Evra	113.104	146.580.940.505	158.814.357.307	34,8%
DKK	Dönsk króna	33.469	43.119.596.121	46.200.074.012	10,1%
NOK	Norsk króna	7.068	30.840.493.081	33.562.433.720	7,3%
SEK	Sænsk króna	16.129	15.503.993.630	16.647.815.529	3,6%
GBP	Sterlingspund	22.763	14.780.273.028	16.177.815.074	3,5%
ISK	Íslensk króna	35.775	10.341.851.129	11.062.025.778	2,4%
JPY	Japanskt jen	1.063	1.651.805.822	1.735.195.202	0,4%
CAD	Kanadadalur	870	1.243.447.153	1.395.900.373	0,3%
CHF	Svissneskur fr.	1.807	1.333.006.231	1.392.510.605	0,3%
	Annað	23.614	307.423.588	526.145.801	0,1%
Samtals		307.972	421.642.287.863	456.774.540.609	100,0%

Gunnar Karlsson, starfsmaður TTU-deildar



Nemendur Tollskólans

Tollskóli ríkisins

Í janúar 2010 hófu sautján tollverðir nám við Tollskóla ríkisins, fjórar konur og þrettán karlar. Flestir í hópnum hafa öðlast nokkra reynslu í starfi sem tollverðir en þeir sem styst hafa unnið hjá embættinu hófu störf í september 2008. Innan hópsins eru tollverðir sem hafa unnið við vöruskoðun, skipavakt, tollpóstinn og á Keflavíkurflugvelli og tollverðir sem fengið hafa þjálfun til sérhæfðari starfa, fjórir á gámagegnumlýsingarbifreið og tveir hundamenn. Einnig eru tveir sérfræðingar, annar úr greiningardeild og hinn úr þróunardeild, í námi við skólann.

Frá því farið var að starfa eftir námskrá sem tók gildi árið 2006 hafa mismunandi leiðir verið farnar við skipulag námsins en uppbygging námskrárinnar býður upp á nokkurn sveigjanleika í framkvæmd. Að þessu sinni var

valin sú leið að þetta námið verulega frá því sem áður hefur verið. Þetta verklag gerir auknar kröfur til nemenda og því fylgir aukið álag. Námskrá og kennsluhættir eru í stöðugri þróun og endurskoðun og er að þessu sinni gerð nokkur breyting á námsmati. Sem dæmi má nefna námsmat í lögfræði þar sem í stað eins skriflegs prófs er nú um að ræða munnlegt próf, raunhæf verkefni, gagnapróf og hefðbundið skriflegt próf án gagna. Stuðlar þetta að réttlátara mati og gefur nemendum aukið svigrúm til að sýna og sanna þekkingu sína á viðfangsefninu. Það kemur skólanum til góða hve mikil sérþekking er til staðar meðal starfsmanna embættisins. Að þessu sinni eru það nánast eingöngu sérfræðingar embættisins sem annast kennslu við skólann.

Gunnlaug Hartmannsdóttir starfsþróunarstjóri

Takmarkanir og bönn við innflutningi ferðamanna á matvælum

Á ári hverju er umtalsvert magn af matvælum tekið af ferðamönnum við komuna til landsins. Oft er ástæðan sú að ferðalangar hafa einfaldlega ekki vitneskju um þau bönn og þær takmarkanir sem gilda um innflutning matvæla, en einnig getur verið um að ræða hreina tilraun til þess að smygla þessum vörum til landsins.

Oft á tíðum er einungis um það að ræða að fólk kaupir álegg eða pylsur á brottfararstað í góðri trú, ýmist til eigin neyslu eða sem gjöf, og áttar sig ekki á að varan er háð innflutningsbönnum eða –takmörkunum, því þessar sömu vörur fást í búðum hérlendis.

Þá er talsvert um það að ferðamenn komi með matvæli til landsins sem erfitt getur verið að nálgast hér á landi og eru háð innflutningsbönnum og/eða öðrum takmörkunum. Þetta á einkum við um ferðamenn, og kannski sérstaklega nýbúa, sem koma langt að og flytja með sér matvæli sem okkur finnast framandi en tilheyra þeirra menningu og uppruna. Þennan innflutning má að hluta rekja til hagstæðara verðs erlendis því sé slík vara til sölu hér er hún oft mjög dýr.

Einkum er lagt hald á matvæli af tveimur ástæðum. Annars vegar til að hindra að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir með tilheyrandi smithættu berist til landsins. Vörur sem gætu borið smit eru meðal annars ósoðin matvæli, svo sem kjöt, sláturafurðir, egg og mjólkurafurðir. Hins vegar er hald lagt á matvæli til að koma í veg fyrir að ferðamenn komi með meira af þeim til landsins en heimildir þeirra til að nýta sér tollfrelsi segja til um. Þessar heimildir takmarkast við magn (3 kg) og hámarksverðmæti (18.500 kr.), þar með talið sælgæti og fæðubótarefni.

Frá ofangreindum ákvæðum eru þó undantekningar. Má til dæmis nefna að ferðamenn geta líkt og aðrir innflytjendur sótt um leyfi hjá Matvælastofnun fyrir matvöru sem háð er innflutningstakmörkunum, standist hún viss skilyrði. Þá geta ferðamenn óskað eftir því við framvísun vöru sem er umfram tollfrjálsa heimild að greiða af henni aðflutningsgjöld, svo framarlega sem aðrar takmarkanir eru ekki fyrir hendi.

Ólafur Örn Ingibersson tollsérfræðingur

SKIL

Starfspróun – Kunnátta – Innsýn – Leikni
Sérhæft nám fyrir starfsmenn innheimtusviðs

Tollskóli ríkisins býður nú upp á sérhæft nám fyrir starfsmenn á innheimtusviði í samstarfi við Fræðslusetrið

Starfsmennt. Markmið námsins eru að:

- > Auka hæfni starfsmanna innheimtusviðs Tollstjóra til bættrar frammistöðu í starfi.
- > Auka sjálföryggi og starfsánægju starfsmanna.
- > Bæta þjónustu embættisins við viðskiptavinum.
- > Samhæfa fagleg vinnubrögð.

Námið er skipulagt sem tveggja ára nám með starfi og hófst það í september 2009. Kennsla fer fram tvo daga í viku frá klukkan átta að morgni til tíu og stunda níu konur námið.

Starfsmenn innheimtusviðs starfa allir innan stjórn-sýslu ríkisins og er því nauðsynlegt að þeir þekki vel reglur stjórn-sýslunnar. Í vetur er kennd hagnýt lögfræði með áherslu á lög og reglur um störf innheimtumanna ríkisins auk þess sem áhersla er á samskipti og þjónustu. Þjónusta við viðskiptavinum er stór þáttur í starfinu. Oft þurfa starfsmenn að taka á erfiðum málum og því mikilvægt að þeir hafi þekkingu á grundvallarþáttum í mannlegum samskiptum og hvernig bregðast megi við erfiðum aðstæðum. Næsta vetur fara þátttakendur í starfsþjálfun á starfsstöðvum innheimtusviðs þar sem markmiðið er að auka yfirsýn og þekkingu á verkferlum. Auk þessa taka þátttakendur valnámskeið, að minnsta kosti 40 stundir, af þeim námskeiðum sem eru í boði á vegum Starfsmenntar. Ráðgert er að náminu ljúki vorið 2011.

Hvað segja þátttakendur um námið?



Dagmar Ásgeirsdóttir:

Hvernig líkar þér námið og skipulag þess?

Námið er mjög skemmtilegt og mér líkar það vel. Skipulagið er fint og tímasetningin hentar vel miðað við okkar starf. Það er nauðsynlegt að huga að því svo álagið verði ekki of mikið á meðan við erum í burtu. Viðfangsefnið í náminu eru fjölbreytt og skemmtileg.

Hvaða þýðingu hefur námið fyrir þig í starfi og/eða einkalífi?

Allt nám skiptir miklu máli, það viðheldur þekkingu og gerir mig ferskari í starfi og einkalífi. Mér finnst skipta miklu máli að geta stundað nám á vinnutíma, það vantar

alltaf meiri tíma fyrir tómsundur og áhugamál. Námskeið á vinnutíma kemur sér mjög vel. Ég sæk þó auk þess eitt og eitt námskeið sem mér finnst áhugavert. Fór til dæmis á enskunámskeið hjá Starfsmennt sem haldið var í Hafnarfirði, mjög gott námskeið.

Myndir þú ráðleggja vinnufélögum þínum að sækja námið þegar það verður í boði á nýjan leik?

Já, alveg tvímælaust, svona námskeið hvetja fólk til dáða og eru bara af hinu góða.



Sigrún Harpa Bjarnadóttir:

Hvernig líkar þér námið og skipulag þess?

Mér líkar námið mjög vel. Skipulagið er mjög gott og hentar vel að hafa þetta í upphafi dags því þá er að jafnaði minna álag hjá okkur. Mér finnst vel hafa tekist til við val á viðfangsefnum, flest fögin hafa komið mér að gagni í vinnunni. Það kemur vel út hvernig námsefninu er raðað saman, bókleg fög blandast vel við önnur fög þar sem er ekki eins mikið verið að fara í texta og lagagreinar.

Hvaða þýðingu hefur námið fyrir þig í starfi og/eða einkalífi?

Námið tengist starfi mínu mjög vel. Ég vinn í þjónustuverinu og þar þarf ég að hafa góða yfirsýn til þess að geta þjónustað viðskiptavinum fljótt og vel. Mér finnst námsgreinarnar eðlilega mismikilvægar og að jafnvel mætti vera minna af sumu og meira af öðru, til dæmis fannst mér að námskeiðið Hagnýt meðferð tölulegra upplýsinga hefði mátt vera mun viðameira. Það hefur mjög mikla þýðingu fyrir mig að geta sótt námskeið, annars er hætta á stöðnun í starfi sem er ekki gott fyrir vinnustaðinn. Mér finnst það mikil forréttindi að geta stundað nám á vinnutíma, það gefur manni tækifæri til að fylgjast betur með og eykur hæfni í starfi. Allt nám er gott, það hvetur starfsfólk til að bæta sjálf sig og skapar því tækifæri.

Myndir þú ráðleggja vinnufélögum þínum að sækja námið þegar það verður í boði á nýjan leik?

Já, hiklaust. Aðalástæðan fyrir því er að það er mjög þarf að samræma þekkingu starfsfólks, tryggja að allir séu vel upplýstir um það sem tengist starfinu og útrýma einhæfni og vanþekkingu í starfi. Þetta nám hefur gefið mér góða yfirsýn yfir það sem er mikilvægt að ég kunnir skil á og reynir á í mínu starfi, hvar ég get aflað mér upplýsinga og hvert ég get vísað fólk til að fá þær upplýsingar sem það þarf.

Gunnlaug Hartmannsdóttir starfspróunarstjóri



Norröna í Seyðisfjarðarhöfn 1983

Saga ferjusiglinga til Seyðisfjarðar

Saga ferjusiglinga til Seyðisfjarðar er orðin löng en það eru að verða 35 ár frá því að þær hófust. Fyrstu ferjusiglingarnar hófust sumarið 1975 en það var þann 14. júní sem ferja lagðist fyrst að bryggju á Seyðisfirði með 50 farþega og tíu bíla innanborðs. Ferjusiglingar milli meginlands Evrópu og Seyðisfjarðar hafa varað óslitið síðan.

Í upphafi skoðuðu Færeyingar tvo staði á Austurlandi sem ferjustað fyrir væntanlegar siglingar til Íslands. Þessir staðir voru Reyðarfjörður og Seyðisfjörður. Seyðisfjörður varð ofan á og spilaði þar meðal annars inn í að þeir töldu hafnaraðstöðu vera betri á Seyðisfirði á þessum tíma. Síðan hefur þessi ferjustaður öðlast fastan sess og Færeyingum ekki komið alvarlega til hugar að breyta því. Ekki er hægt að minnast ferjusiglinga til Íslands án þess að nefna nafn Jónasar Hallgrímssonar sem hefur frá upphafi verið í forystu manna sem hafa barist fyrir tilvist ferjusiglinga til Seyðisfjarðar. Jónas hefur haft umsjón með afgreiðslu ferjanna frá upphafi og verið í eigendahópi

útgerðarfélagins Smyril-Line. Oft er spurt um það hvers vegna ferjan sigli ekki til Reykjavíkur eða Þorlákshafnar og er því til að svara að það væri mun lengri sigling og kostnaðarsamari. Einnig er það ljóst að flestir farþegar ferjunnar eru erlendir ferðamenn sem eru að koma hingað með bíla sína og skiptir þá ekki máli hvar á hringveginum þeir hefja og enda för. Ferðamenn sem koma til landsins með ferjunni dvelja lengur á landinu en almennt gerist og ferðast um allt land. Hefur því ferjan mikið gildi fyrir ferðamennsku á öllu landinu. Það ber einnig að hafa í huga að ferjan er ekki íslensk og allt ákvarðanavald er í höndum okkar kæru náganna í Færeyjum.

Frá upphafi hafa þrjú skip sinnt þessum flutningum. Fyrsta ferjan hét Smyrill og tók 110 bíla og 500 farþega. Smyrill var í eigu landstjórnar Færeyja og var skipið rekið af Strandfarskipum landsins. Nýtt hlutafélag, Smyril-Line, tók við ferjusiglingum 1983 og hefur það annast flutningana síðan. Skipið sem þeir komu með til flutninganna hét Norröna og tók

hún 1.050 farþega og rúmlega 250 bíla. Árið 2003 kom síðan hin nýja og glæsilega ferja sem siglir nú vikulega til Íslands, allt árið. Núverandi ferja var smíðuð í Þýskalandi og er þrefalt stærri en fyrri Norröna. Hún getur tekið allt að 1.482 farþega og 800 fólksbíla þegar bíladekkið er fullt. Venjulega er blönduð samsetning ökutækja með ferjunni, það er fólksbílur stórir og smáir, húsbílar, hjólhýsi, rútur, mótörhjóll og vagnar með frakt. Starfsmenn/áhöfn um borð geta verið allt að 118 manns. Eldri Norröna er nú í eigu Þjóðverja sem skírðu skipið Logos Hope og hafa siglt því um öll heimsins höf sem trúboðsstöð.

Í dag siglir Norröna ýmist milli Hanstholm eða Esbjerg í Danmörku, Þórshafnar í Færeyjum og Seyðisfjarðar á Íslandi. Á fyrri tíð var siglt til Noregs, Skotlands og Hjaltlands en því hefur nú verið hætt.

Á ýmsu hefur gengið með rekstur ferjanna og hefur nokkrum sinnum legið við að siglingar legðust af. Alltaf hefur þó tekist að bjarga rekstrinum og hafa margir komið að því í gegnum tíðina.



Á síðasta ári var reksturinn orðinn mjög tæpur og endaði það með því að landsjóður Færeyja lagði félaginu til fé, ásamt því að reksturinn var endurskipulagður. Við endurskipulagninguna var starfsfólki fækkað og siglingarleiðin einfölduð. Þá var hætt siglingum til Noregs og Skotlands en í staðinn var ákveðið að sigla tvær ferðir á viku yfir sumarið milli Danmerkur og Færeyja og eina ferð á viku til Íslands. Með þessu móti tekur skemmri tíma að komast til Íslands frá Danmörku og fleiri pláss í boði til landsins. Augljóslega er þetta góður kostur fyrir okkur Íslendinga. Til að þessi sumaráætlun gangi upp þarf að nýta tímann vel og stoppar ferjan aðeins þrjá tíma á Seyðisfirði, svo hafa verður snör handtök. Að sögn Færeyinga hefur þetta fyrirkomulag gengið mjög vel og telja þeir það vera grundvöll þess að fjárhagslegur rekstur gangi upp. Á samdráttartímum hefur notkun ferjunnar staðið í stað og menn eru jákvæðir varðandi framtíð ferjusiglinga til Seyðisfjarðar.

áe

Haldlagningar 2009

Varningur er haldlagður víða á landinu en þegar litið er á magn og fjölda haldlagninga þá eiga Reykjavík og Keflavíkurflugvöllur vinninginn. Seyðisfjörður hefur einnig oft verið ofarlega á blaði þar sem þurft hefur að leggja hald á ýmskonar varningur Norrænu.

Þegar litið er yfir árið 2009 kemur í ljós að haldlagningar hafa dregist saman í flestum málaflokkum, samanborið við undanfarin ár. Lagt var hald á minna magn af áfengi, tóbaki, kjöti og sumum tegundum fíkniefna miðað við árið áður og munar þar töluverðu. Sem dæmi má nefna að yfir 2.000 lítrar af bjór voru haldlagðir árið 2008 miðað við rúmlega 1.400 árið 2009. Þegar litið er á tóbakið þá var lagt hald á 277.899 stykki af vindlingum árið 2008 en árið 2009 var fjöldinn 135.298. Munurinn er 142.601 stykki eða í kringum 713 karton sem innihalda 200 vindlinga hvert. Það sama er upp á teningnum varðandi kjötmeti en lagt var hald á 3.391 kíló árið 2008 en 2.852 árið 2009 eða 539 kílóum minna.

Undantekningar eru þó til staðar þar sem gríðarleg aukning varð á haldlagningum á sterum og kannabisfræjum. Árið 2008 var talan yfir haldlagða stera 1.450 ambúlar og 12.364 töflur en yfir 12.013 millilítrar af sterum í fljótandi formi, 2.062 ambúlar og 84.522 töflur voru haldlagðar af tollgæslu árið 2009. Á árinu 2009 sögðu fjölmiðlar oft frá því að lögreglan hefði stöðvað ræktun kannabisplantna og kemur því ekki á óvart að lagt hafi verið hald á auknið magn kannabisfræja. Af þeim voru 390 stykki haldlögð árið 2008 en árið 2009 var um að ræða 2.024 stykki.

Haldlagning á amfetamíni hefur aukist mikið á milli ára þar sem tæp 7 kíló náðust árið 2008 en tæplega 15 kíló árið 2009 og er það rúmlega helmingis aukning á milli ára.

Hugmyndaflug fólks virðist takmarkalaust þegar litið er á aðferðir við að koma varningi til landsins sem er umfram tollfjálsa heimild eða ólöglegur. Hvort sem um er að ræða fíkniefni falin í hári eða varningur í tösku þá verða tollverðir að standa vaktina og gera sitt besta til að afhjúpa þau brot sem reynt er að fremja hverju sinni.

gj



Vestmannaeyjahöfn

Heimsóknir fulltrúa ESA hingað til lands

Eftirlitsstofnun EFTA-landanna sem er skammstöfuð ESA (EFTA Surveillance Authority) er til húsa í Brussel í Belgíu. Hennar hlutverk er að fylgjast með því að opinberir aðilar í EFTA-ríkjunum fari að þeim lögum og reglum Evrópusambandsins sem þau hafa tekið upp, meðal annars um öryggiseftirlit á flugvöllum og í útflutningshöfnum. Siglingastofnun er opinber tengiliður við ESA varðandi siglingavernd og annast Stefán Alfredsson deildarstjóri þau samskipti.

Eftirlitsstofnunin hefur sent fulltrúa sína hingað til lands til úttekta á útflutningshöfnum á Austfjörðum, í Reykjavík og Vestmannaeyjum. Þetta eru úttektir á siglingavernd sem yfirleitt er skilgreind sem hafnarvernd, skipavernd, hafnaríkiseftirlit og farmvernd. Allir þættirnir nema farmvernd heyra undir Siglingastofnun, en við setningu laganna um siglingavernd var Tollstjóra falið að annast þann hluta. Þá taka Ríkislögreglustjóri, Vaktstöð siglinga, Land-

helgisgæsla og hafnaryfirvöld einnig þátt í siglingaverndinni. Mjög náið samstarf er á milli allra embættanna um framkvæmd siglingaverndar, þó sérstaklega á milli Tollstjóra og Siglingastofnunar.

Síðasta heimsókn fulltrúa ESA hingað var í febrúar síðastliðnum og var þá gerð úttekt á framkvæmdinni í Vestmannaeyjum en þeir óska ávallt eftir að heim-sækja tilteknar hafnir.

Hver höfn hefur sitt áhættumat og sína verndaráætlun. Útbúnaður og frágangur í höfnum skal vera í samræmi við svokallaðan ISPS-kóða (International Ship & Port Facility Security Code) og samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um öryggi mannlífa á hafinu, SOLAS-samþykktina. Úttektir á höfnum eru afar nákvæmar og taka til hafnarmannvirkja, aðgangsstýringa að hafnar-aðstöðu, öryggisbúnaðar sem til þarf og vistunar á farmi sem tilbúinn er til útflutnings. Fulltrúar ESA fara um

hafnarsvæðin, kanna girðingar og aðgangsstýringar og hvort einhverjir veikleikar séu í uppsetningu á öryggisbúnaði eða að öðru leyti með hlidsjón af ISPS-kóðanum. Mikil áhersla er lögð á að æfingar starfsmanna hafnanna fari fram eftir ákveðnum reglum og einnig að allt sem upp kemur varðandi siglingavernd, hvort sem það eru brestir í framkvæmd hennar eða æfingar starfsmanna, sé skráð niður.

Eftir svona heimsóknir, eða innan sex vikna frá úttekt, senda fulltrúar ESA skýrslu um niðurstöður til Siglingastofnunar með ábendingum um úrbætur á einstökum þáttum ef um slíkt er að ræða. Viðkomandi hafnaryfirvöld fá síðan tiltekinn tíma til að bæta úr ágöllum.

Ekki er annað vitað en að íslenskir aðilar hafi fram að þessu komið vel út í úttektum ESA á siglingavernd hér á landi.

Brynjólfur Karlsson
aðstoðaryfirtollvörður

Rödd Tollstjóra



Viðmótsþýð rödd svarar þegar þú hringir í Tollstjóra. Það er rödd Auðar Brynju Eyjólfssonar starfsmanns í lögfræðideild innheimtusviðs en ekki einhvers fagmanns sem halda mætti að hafi verið fenginn til verksins, svo vel tekst henni upp með lesturinn.

Auður Brynja er fædd og uppalin í Reykjavík. Hún lauk stúdentsprófi af stærðfræðibraut frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 2001 og BS-prófi í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2005. Með námi vann hún við skúringar en á sumrin á leikskóla og gæsluvelli.

Spurð um persónuleg einkenni segir Auður Brynja: „Ég geri óspart grín að sjálfri mér - er ófeimin við það. Annars er ég þolinmód, innhverf, einræn, róleg, smámunasöm og nöldrari! Ég á það til að nöldra í afgreiðslufólkinu úti í búð ef það hefur látið mig ofgreiða 10 kr. ... þangað til ég fæ þær endurgreiddar!“ Og hún hlær að sjálfri sér.

Auður Brynja býr nú með unnusta sínum, Hafsteini Kröyer, í Hafnarfirði: „Ég fæ hann ekki til að flytja yfir snjóólínuna með mér ... honum þykir Seljahverfið afleit hugmynd.“ Hún segir þau vera heimakær og sammála um að vera ekki að flækjast of mikið að heiman: „Við höfum lítið verið að ferðast og ég sakna þess ekki. Þegar þar að kemur á sjálfsagt eftir að reyna á samningatæknina okkar á milli - við erum nefnilega ekki sammála um viðkomustaði eða hversu langan tíma maður á að taka í það að fara hringinn í kringum landið sem dæmi. Ég myndi gjarnan vilja taka góðan tíma í svoleiðis ferðalag og þræða strandlengjuna á meðan hann vill taka sólarhring í túrinn, keyra rակleitt frá Reykjavík til Akureyrar, þaðan til Egilsstaða og aftur til Reykjavíkur!“

Spurð um helstu áhugamál nefnir Auður Brynja lestur og þrjónaskap: „Ég les helst lélegar ástarsögur - eitthvað sem skilur ekkert eftir sig. Einu sinni var ég komin inn í

miðja bók áður en ég fattaði að ég var búin að lesa hana! En að öllu gamni slepptu þá hef ég í gegnum tíðina valið vandað lesefni framyfir annað. Það hefur án nokkurs vafa haft áhrif á málfarið hjá mér strax í barnæsku. Sem krakki notaði ég orð á borð við handlanga ... það þótti kennaranum mínum svo skrítið að hann ákvað að ég hlyti að vera úr sveit! Það þarf því ekki að koma á óvart að mér er annþ um íslenska tungu og tek út þegar ég heyri þá sem starfa á ljósvakamiðlum misþyrma henni. Það má gjarnan gera meiri kröfur til þessara aðila um vandað málfar og framburð.“

Auður Brynja hóf störf hjá Tollstjóra vorið 2006. Hún hugsaði sér starfið til tveggja eða þriggja ára en hefur ekki skipt um starfsvettvang vegna þess hve ánægð hún er í starfi. Hún starfar við vanskilainnheimtu og felst starfið einkum í afgreiðslu og miðlun upplýsinga, gerð greiðsluáætlana, yfirferð útrunninna samninga og sendingu ítrekunarbréfa. Það stendur ekki á svari þegar hún er spurð hvað henni þyki skemmtilegast að gera: „Grúska ... liggja yfir tölum ... ég hef svo gaman af allri stærðfræði og tölfraði.“

Yfirmaður Auðar Brynju tekur í sama streng þegar hann er spurður um störf hennar og segir að hún leysi vandasöm tölfraðileg innheimtuverkefni sérstaklega vel, fyrir utan að hafa einstakt jafnaðargeð og þjónustulund.

Nýverið gengust Auður Brynja og unnusti hennar undir aðgerð. Vegna veikinda unnustans ákvað Auður Brynja að gefa honum annað nýrað sitt. Báðar aðgerðirnar tókust vel en þau þurfa engu að síður að taka því rólega í nokkrar vikur til að ná sér eftir aðgerðina.

Samstarfsfólk Auðar Brynju sendir henni og Hafsteini bestu kveðjur með óskum um að þau nái sér fljótt og vel.

lrb

Íþróttafólk sem hefur náð langt

- Haukur Daði Guðmundsson tollvörður segir frá íþróttinni sinni sem er taekwondo:

Ég byrjaði að æfa íþróttina þegar ég var sautján ára og stunda nú ólympískt taekwondo. Reglurnar eru þannig að keppendur klæðast brynju, legghlífum, handleggshlífum og klofhlíf og nota hjálm og munnstykki. Stig eru gefin fyrir högg og spörk í brynju ásamt spörkum í höfuð. Einungis má sparka með fætinum fyrir neðan ökkla og eru stig gefin rafrænt þegar keppendur sparka í brynju eða hjálm. Hver bardagi er þrjár lotur og hver lota er tvær mínútur með 30 sekúndna hléi á milli. Tvær mínútur geta verið ótrúlega lengi að liða í bardaga þannig að maður verður að vera í góðu formi til að ná hundrað prósent árangri í keppni. Á einum keppnisdegi er hugsanlegt að þurfa að keppa í allt að átta bardögum ef ætlunin er að fá veðlaun og getur það reynst erfitt ef maður meiðist í einhverjum þeirra.

Það sem mér finnst skemmtilegast við taekwondo er hraðinn í íþróttinni og herkænskan. Ef ég geri lélega árás eða gagnárás á móti góðum andstæðingi er mér yfirleitt refsað fyrir það umsvifalaust, til dæmis með góðu sparki í höfuð sem getur jafnvel endað með rothöggi eða þungu sparki í brynju sem getur dregið verulega úr manni.

Núna seinasta hálfá árið hef ég einungis verið að æfa fimm til sjö sinnum í viku, aðallega ólympískar lyftingar og spretthlaup. Þegar keppnistímabilið fer að nálgast minnka ég styrktaræfingarnar og legg meiri áherslu á tækni og úthald. Þá fer ég að æfa níu til ellefu sinnum á viku, hleyp lengri vegalendir, æfi snerpuhopp og sker niður lyftingarnar. Kostnaðurinn hjá mér við matarkaup getur oft verið nokkuð hár því ég þarf að innbyrða um sex til átta þúsund kaloríur á dag og yfirleitt reyni ég borða hollan og næringarríkan mat.

Árið 2006 byrjaði vel hjá mér með silfri á Norðurlandamótinu. Sama ár keppti ég á tveimur mótum í Bandaríkjunum, fékk silfur á því fyrra og gull á því seinna og var valinn keppandi mótisins í flokki fullorðinna. Einnig vann ég Íslandsmeistararitilinn það ár ásamt árunum 2004, 2008 og 2009 en árin 2005 og 2007 fékk ég brons og silfur.

Stefnan hjá mér var að komast á ólympíuleikana 2008. Til að fá að keppa á ólympíuleikum þarf maður annaðhvort að lenda í fyrstu fjórum sætum á heimsúrtökumóti eða fyrstu þremur sætum í heimsálfuúrtökumóti. Vegna meiðsla sem ég hlaut á heimsmeistaramótinu 2007 komst ég ekki á heimsúrtökumótið sem var haldið sama ár. Ég fór því á Evrópuúrtökumótið, sem var haldið í byrjun ársins 2008, þar sem ég datt út í níu manna úrslitum á móti grískum

keppanda sem vann silfrið á ólympíuleikunum í Aþenu 2004 og Beijing 2008. Eftir það mót var mér boðið að fara til Grikklands af gríska taekwondo-sambandinu til að undirbúa gríska keppandann fyrir ólympíuleikana 2008. Þar var ég við stífar æfingar í tvær vikur.

Seinasta mót sem ég keppti í var heimsmeistaramótið, það var haldið í Kaupmannahöfn í október 2009. Þar vann ég fyrsta bardaga á móti keppanda frá Líbýu og tapaði svo öðrum bardaga á móti þýskum andstæðingi sem er flokkaður númer eitt í Evrópu. Sá bardagi var mjög jafn og Þjóðverjinn náði rétt svo að merja sigur í seinustu lotunni. Vonbrigðin voru mjög mikil eftir þetta mót því ég hafði miklar væntingar til þess. Þetta var fyrsta stórmótið sem ég keppti á eftir að ég hóf störf hjá Tollstjóra og voru allir mínir yfirmenn mjög liðlegir við að útvega mér frí til að geta keppt fyrir hönd Íslands.

Dagskráin hjá mér fyrir næsta keppnistímabil er ekki orðin klár vegna þess að ég hef þurft í gegnum árin og þarf enn að fjármagna megnið af mínum keppnisferðum sjálfur ásamt sjúkraþjálfarakostnaði og fleiru. Efnahagsástandið í dag gerir það auðvitað töluvert erfiðara að fara í keppnisferðir til útlanda einu sinni í mánuði. Stefnan hjá mér núna er að fá veðlaun á heimsmeistaramótinu árið 2011 og að komast á ólympíuleikana 2012. Ef allt gengur upp ætti þessi stefna að vera nokkuð raunsæ. Eins og staðan er í dag er ég flokkaður í 44. sæti í mínum gamla þyngdarflokki á heimslistanum á www.taekwondo-data.com. Þar er ég skráður í -84 kg flokk en núna keppi ég í þungavigt.

- Lilja Jónsdóttir, fulltrúi í lögfræðideild á innheimtusviði, segir frá íþróttinni sinni sem er blak:

Mér finnst það heillandi við þessa íþrótt hvað hún er tæknileg og að allt veltur á liðsheildinni. Það getur enginn einn unnið leik því liðið þarf að snerta boltann þrisvar sinnum áður en það reynir að skora. Að vera í hópíþrótt hefur líka svo mikið félagslegt gildi, maður eignast fullt af vinum og kunningjum.

Ég byrjaði að æfa blak með vinkonu minni þegar ég var fjórtán ára, þá með Víkingi, spilaði með meistaraflokki sextán ára gömul og vann minn fyrsta titil. Ég spilaði með U-19 landsliðinu þegar ég var fimmtán og sextán ára og var svo valin í A-landsliðið sautján ára. Um tvítugt skipti ég yfir í Þrótt í Reykjavík þar sem Víkingслиðið hætti sökum manneklu. Í Þrótti vorum við með frábært lið í nokkur ár og unnum marga titla fjögur ár í röð eða alls tíu af tólf titlum 2004–2007 og ég spilaði yfir hundrað leiki með liðinu. Ég var fyrirlíðið blakliðs Þróttar



Haukur Daði



Frá HM í Kaupmannahöfn 2009



Lilja



Lilja í sókn á móti Andorra á smáþjóðaleikum á Kýpur 2009

frá árinu 2005–2009, valin íþróttakona Seltjarnarness og íþróttamaður Þróttar 2006 og í fyrra komst ég í lið ársins í efstu deild með því að vera stigahæst í uppgjöf og í blokk.

Blakið hef ég alltaf stundað af miklum krafti og farið fjórum sinnum í viku á boltaæfingar og einnig á lyftingaæfingar í viðbót við það en oftast þegar landsliðsverkefni eru framundan. Þetta þýðir að ég lét blakið alltaf ganga fyrir öðru, eins og til dæmis skólaböllum og -skemmtunum. Æfingar með landsliðinu eru oft á vorin á próftíma og því þurfti ég að skipuleggja mig vel. Eftir að ég fór að vinna hef ég stundum sleppt árshátíðum og öðru vegna leikja og æfinga. Einnig hafa mörg páska- og jólafrí farið í æfingar en þetta er auðvitað mitt val og sé ég ekki eftir því. Mér hefur alltaf gengið vel að samræma æfingar og vinnu enda er vinnutíminn hjá Tollstjóra mjög góður til að stunda íþróttir samhliða, þar sem æfingar eru alltaf seinnipart dags eða á kvöldin. Einnig hefur reynst auðvelt að fá frí vegna keppnisferða, hvort sem það er innan- eða utanlands. Vinnufélagarnir eru einnig áhugasamir um þetta og sumir sjá alltaf á mér daginn eftir leik hvort ég vann eða tapaði, enda er ég mjög mikil keppnismanneskja.

Ég hef farið í fjölmargar ferðir með landsliðinu og spilað alls 42 leiki. Liðið hefur farið til landa eins og Nígeríu, Möltu, Lúxemborgar, Írlands, Englands, Andorra, Make-dóníu og Skotlands. En í Skotlandi urðum við Evrópu-meistarar smáþjóða 2007 sem er fyrsti titill liðsins á erlendum vettvangi. Allar þessar ferðir og æfingar kosta mjög mikið og hafa leikmenn í landsliðum alltaf þurft að borga sjálfir allan kostnað eða meirihluta hans. Þetta þýðir tíðar fjáraflanir og margar styrkumsóknir. Seltjarnarnesbær og Þróttur hafa styrkt mig í gegnum tíðina og ættingjar og vinnufélagar keypt af mér varning.

Fyrir nokkrum árum uppgötvaði ég svo strandblakið og var aðeins að sprikla í því en fór ekki að stunda það fyrr en sumarið 2008 af einhverri alvöru og æfa reglulega. Þetta er snilldaráþrótt sem reynir öðruvísi á líkamann en hefðbundið blak og í sandinum finnst ekki eins fyrir álagsmeiðslum. Þetta er í raun allt önnur íþrótt, allar tímasetningar eru öðruvísi, maður hoppar ekki næstum því jafn hátt og aðrar reglur gilda. Svo eru auðvitað bara tveir í liði en ekki tólf eins og í innblaki. Við Laufey

vinkona mín urðum Íslandsmeistarar 2008 og tryggðum okkar þar með réttinn til að fara á smáþjóðaleikana á Kýpur vorið 2009. Við æfðum fyrir leikana í apríl og maí eins og vitleysingar í öllum veðrum, hellidembu, hávaðaroki og hagléli því við ætluðum okkur ekki að vera eftirbátar liðanna úti sem geta æft allan ársins hring. Við stóðum okkur líka ágætlega og aðeins munaði einu stigi að við kæmumst í undanúrslit en það tókst ekki vegna reynsluleysis. Við skoruðum hæst á móti liðinu sem vann og er því aldrei að vita hvað hefði getað gerst hefðum við komist áfram. En ferðin var ógleymanleg og langskemmtilegasta landsliðsferð sem ég hef farið í. Að þessu loknu mættum við sterkar í mótin hér heima, unnum Íslandsmeistaratitilinn aftur í ágúst síðastliðnum og vorum komnar í ansi gott sandform í lok sumars.

Okkur var boðið á mót í Mónakó í september af aðila sem sá okkur á Kýpur. Við skildum reyndar ekkert í því en vorum upp með okkur. Í fyrsta skipti buðust okkur peningar, bara fyrir að mæta á staðinn og svo enn meiri peningar fyrir efstu fjögur sætin. Við gátum reyndar ekki farið því Laufey var orðin ólétt en við stefnum ótrauðar áfram næsta sumar, erum rétt að byrja í þessari íþrótt og eigum nóg inni. Þessi íþrótt er svo ný bæði hér heima og erlendis og það er líka svo spennandi. Framundan er til dæmis undankeppni ólympíuleikanna 2012 og smáþjóðaleikar í Liechtenstein 2011. Þeim er alltaf að fjölga sem stunda strandblak hér á landi og fer keppni harðnandi sem er frábært. Það þýðir því ekkert að slaka á í þessu ef maður ætlar að halda sig í hópi þeirra bestu. Það er gaman að geta þess að félagi minn hún Laufey var valin blakkona ársins 2009, ekki amalegt að spila með henni.

Í byrjun vetrar slakaði ég aðeins á blakæfingunum sökum meiðsla sem eru að hrjá mig en ég er þó komin á nokkuð gott skrið núna. Ég minnkaði þó ekki æfingarnar á meðan ég var að koma mér í gang, var duglegri að mæta í ræktina í staðinn og í ketilbjöllur sem er nýjasta snilldin. Ég ákvað að skipta um lið í vetur og fara í Stjörmunu en það er ungt lið sem er í fyrsta skipti að spila í fyrstu deild og á framtíðina fyrir sér. Svo get ég bara ekki beðið eftir að komast út í sandinn og sólina og spila strandblak.

blk



Lagt af stað í göngu yfir Fimmvörðuháls

ÚT – Útivistarfélag Tollstjóra

Rúmt ár er síðan Útivistarfélag Tollstjóra, eða ÚT eins og það er oftast kallað, var stofnað af þeim sem þessa grein skrifa. Upphaflega átti félagið eingöngu að vera fyrir tollverði en hugmyndin vatt uppá sig og ÚT varð formlega hluti af Starfsmannafélagi Tollstjóra á aðalfundi félagsins í mars 2009. Félagið er opið öllum starfsmönnum embættisins, fjölskyldum þeirra og vinum. Það er engin formleg stjórn en undirrituð hafa að mestu haldið utan um starfsemi félagsins hingað til. Öllum starfsmönnum er velkomid að starfa með félaginu og koma með hugmyndir að göngum, útilegum, hjólaferðum eða hverju öðru sem tengist útivist og hreyfingu.

Félagið hefur staðið fyrir göngum á hin ýmsu fjöll og fell í nágrenni borgarinnar auk þess sem Anna Jóna Pálmadóttir, fulltrúi í lögfræðideild, hefur staðið fyrir léttum og hressandi kvöldgöngum.

Stærsti viðburðurinn hingað til er þó tvímælalaust gangan yfir Fimmvörðuháls þann 13. júní 2009. Þá gekk 40 manna hópur starfsmanna og fjölskyldna þeirra þessa vinsælu leið frá Skógum yfir í Þórsmörk. Gangan gekk mjög vel og það voru þreyttir og brosandir göngugarpar sem komu í Húsadal eftir tæplega níu tíma göngu. Í Húsadal

biðu rúmlega 40 manns eftir göngugörpunum en starfsmannafélagið stóð fyrir fjölskyldudegi í Þórsmörk þennan sama dag. Starfsmannafélagið bauð öllum uppá hamborgara og pylsur og rann það vel ofan í þreytta göngugarpa og þá sem höfðu notið dagsins í Húsadal. Eftir góðan nætursvefn í skálum og tjöldum og morgunmat í boði starfsmannafélagsins var svo haldið aftur í bæinn. Ferðin gekk svo vel að áhugi var á að endurtaka leikinn næsta sumar en endanleg ákvörðun bíður vegna yfirstandandi eldgoss.

ÚT ætlar að standa fyrir nokkrum göngum í sumar. Selvogsgatan verður gengin en það er mjög skemmtileg ganga þvert yfir Reykjanesið. Þá stendur jafnvel til að ganga Laugavegin á tveimur til þremur dögum seinni-part sumars.

Upplýsingar um göngur eru sendar til þeirra sem eru á póstlista félagsins. Ef þú vilt bæta nafni þínu á póstlistann sendu þá póst á netfangið kristin.sigmarisdottir@tollur.is. Myndir og fleira úr ferðum ÚT má finna á Facebook-síðu félagsins, endilega skráið ykkur á vinalistann!

**Baldvin Örn Konráðsson tollvörður og
Kristín Sigmarisdóttir tollsérfræðingur**

Já, maður finnur til vonar og trúir á betri tíð þegar maður leikur knattspyrnu með þessum hópi



Fjörið og einbeitingin skín af hverjum manni

Eftir miklar umræður á kaffistofunni um gönguna yfir Fimmvörðuháls, líkamsgetuþrófið mikla og gönguhópin sem hafði rutt sér til rúms innan embættisins fæddist ein hugmynd sem strax var tekið vel í og ákveðið að kynna, jú knattspyrna.

Sendur var tölvupóstur, hringt og fólk tekið á eintal, allt var gert til að tryggja sæmilega þátttöku og til að sýna fram á það hversu skemmtilegt, hressandi og bætandi fyrir andann það væri að samstarfsfólk hittist eitt kvöld í viku til að hlaupa á eftir bolta í hvaða veðri sem væri.

Á haustdögum 2009, nánar tiltekið 23. september kl. 20.55, mættu svo fjórtán manns á fyrstu æfinguna á gervi-grasi Fram við Safamýri og knattspyrnufélagið Tolti innherji var stofnað formlega.

Alls urðu æfingarnar í fyrra fjórtán og í heildina mættu um þrjátíu manns, þar af voru um tuttugu starfsmenn úr hinum ýmsu deildum embættisins sem mætt höfðu á einhverjar æfingar og einn sem stóð á kantinum og hvatti sína menn áfram. Hinir tíu voru vinir og ættingjar sem notaðir voru til uppfyllingar. Allt frá tíu og upp í átján manns voru að jafnaði á hverri æfingu.

Gert var ráð fyrir að allir gætu komið og verið með. Sumir reyndust hafa spilað í fleiri ár en aðrir svona komið við fótbolta eitthvað áður og nokkrir höfðu meira að segja aldrei stigið inn á fótboltavöll. Knattspyrnuhæfileikarnir voru því á hinum ýmsu stigum. Ákveðið var að setja reglur um bróðerni og var lagt algert bann við skriðtæklingum og grófri vinnslu innan vallar.

Tekin var svo upp skemmtilega létt stigakeppni byggð á jafnréttisgrundvelli þar sem allir áttu möguleika á sigri í enda leiktíðar. Eitt stig fékkst fyrir það eitt að mæta á æfingar. Tvö stig fengust fyrir að vera í sigurliði hvernar æfingar fyrir sig (þrjú stig í heild).

Haldin var uppskeruhátíð í byrjun janúar þar sem veittar voru viðurkenningar og verðlaun fyrir góða ástundun og hin ýmsu form knattspyrnuhæfileika sem sýnd voru á velli. Má þar nefna nokkrar viðurkenningar og þakkir til iðkenda: tveir meðlimir Tolla innherja sem komu lengst að, annar frá Keflavík og hinn frá Selfossi, fengu viðurkenninguna Ferðalangar ársins 2009. Einnig var veitt viðurkenning fyrir Klúður, Klett, Gonsales, Einherja, Hnjask og fyrir að vera Áhangandi ársins 2009. Auk þess

fengu fjölmargir þakkarbréf fyrir mikilsverð framlög til æfinga.

Þá voru veitt verðlaun fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti í stigakeppninni en aðalverðlaunin voru þó Knattspyrnumaður ársins 2009 sem að þessu sinni var Ragnar Jóhannesson vegna afburða táskotatækni, dugnaðar, mætinga og gífurlegra framfara. Má geta þess að hann fékk fullt hús stiga.

Frá því í janúar síðastliðnum hafa verið tuttugu æfingar og aðsókn aukist. Sumarfrí verður tekið í júní og byrjað aftur af fullum krafti í september.

Tolti innherji tók áskorun fótboltaliðs starfsmanna á Keflavíkflugvelli, Customs All Stars, um leik á sjálfan árshátíðardaginn 24. apríl síðastliðinn. Flautað var til leiks kl. 12.00 og í gang fór hörkuspennandi og skemmtilegur leikur sem eftir venjulegan leiktíma var jafn og þurfti framlengingu til að útkljá hann. Á endanum voru það liðsmenn Customs All Stars sem fóru með sigur af hólmi með svokölluðu gullmarki. Starfsmannafélag Tollstjóra styrkti keppnina og veitti verðlaun sem voru silfur- og gullmedalíur og farandbikar sem sigurvegurinn hlaut.

Ásgeir Ingólfsson tollvörður



Ekki horfa í hina áttina

Ef þú hefur upplýsingar um ólöglegan innflutning, svo sem fíkniefni, áfengi o.s.frv.,

láttu okkur vita í síma **552 8030** eða á www.tollur.is.

Nafnleyndar er gætt.

